

September 2021



Samantekt á styrkveitingum Jafnréttissjóðs Íslands árin 2016–2020

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Samantekt á styrkveitingum Jafnréttissjóðs Íslands árin 2016–2020

September 2021

for@for.is

forsaetisraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla:

Forsætisráðuneytið

©2021 Forsætisráðuneytið

ISBN 978-9935-482-29-7

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
1. Inngangur	5
1.1 Jafnréttissjóður.....	5
1.2 Jafnréttissjóður Íslands.....	6
1.3 Efnistöð samantektar	8
2. Styrkveitingar út frá markmiðum Jafnréttissjóðs Íslands	9
2.1 Almenn um styrkveitingar árin 2016–2020.....	9
2.1.1 Yfirlit yfir fjölda styrkveitinga.....	9
2.1.2 Dreifing styrkveitinga út frá markmiðum sjóðsins.....	10
2.2 Jafnrétti á vinnumarkaði	11
2.2.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði a-liðar.....	11
2.2.2 Styrkt verkefni.....	12
2.3 Ávinningur af auknu jafnrétti	13
2.3.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði b-liðar.....	13
2.3.2 Styrkt verkefni.....	14
2.4 Vinna gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum	15
2.4.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði c-liðar	15
2.4.2 Styrkt verkefni.....	16
2.5 Fræðsla og forvarnir.....	17
2.5.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiðum d-g-liða	17
2.5.2 Verkefnið „Sjúkást“	18
2.5.3 Verkefnið „Karlmennskan“	19
2.5.4 Önnur styrkt verkefni	20
2.6 Sterk og jákvæð sjálfsmynd pilta og stúlkna.....	21
2.6.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði h-liðar.....	21
2.6.2 Styrkt verkefni.....	22
2.7 Hvatning til aukinnar þátttöku ungs fólks.....	23
2.7.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði i-liðar	23
2.7.2 Styrkt verkefni.....	24
2.8 Staða kynjanna í samtíð og fortíð.....	25
2.8.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði j-liðar	25
2.8.2 Styrkt verkefni.....	26
3. Hafa markmið sjóðsins gengið eftir?.....	27
4. Yfirlit yfir styrkveitingar árin 2016–2020	29
4.1 Styrkveitingar 2016	29
4.2 Styrkveitingar 2017.....	43
4.3 Styrkveitingar 2018	54
4.4 Styrkveitingar 2019.....	65
4.5 Styrkveitingar 2020.....	71

Útdráttur

Í þessari samantekt, sem unnin er í samræmi við aðgerð A1 – Jafnréttissjóður Íslands – í [þingsályktun nr. 16/150 um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023](#), er leitast við að draga fram skýra heildarmynd af styrkveitingum Jafnréttissjóðs Íslands árin 2016–2020 með hliðsjón af markmiðum sjóðsins. Í því augnamiði eru sett fram yfirlit yfir fjölda og fjárhæð styrktra verkefna á árabílinu með tilliti til markmiða sjóðsins almennt sem og hvers og eins þeirra. Í samantektinni er fjallað um þau verkefni sem hlotið hafa hæsta styrki úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu, auk þess sem finna má yfirlit yfir allar styrkveitingar.

Á árabílinu 2016–2020 var tæplega 455.000.000 kr. úthlutað úr Jafnréttissjóði Íslands til 132 verkefna. Styrkveitingar til verkefna voru að meðaltali tæplega 4.000.000 kr. á árunum 2016–2020, frá rúmlega 2.000.000 kr. árið 2016 til um 5.000.000 kr. árin 2019 og 2020.

Verkefni sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á árunum 2016–2020 eru gríðarlega fjölbreytt en hafa flest, ef ekki öll, falið í sér einhvers konar þekkingarsköpun eða miðlun þekkingar á sviði jafnréttismála. Sum þeirra felast í doktorsrannsóknnum eða annars konar fræðilegum rannsóknnum en önnur þeirra í vitundarvakningarherferðum, útgáfu bóka, greinasafna, myndbanda eða jafnvel heimildarmynda.

Markmið Jafnréttissjóðs Íslands snúa ekki beint að því að koma á fullu jafnrétti, heldur því að vinna gegn misrétti og efla jafnrétti. Verkefni sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu falla öll, að undanskildum fjórum, beint að einu eða fleiri markmiðum sjóðsins, tilgreindum í staflíðum a–j í 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands](#), eins og henni var breytt með [þingsályktun nr. 19/149 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144](#). Styrktu verkefni snerta hvert og eitt markmið sjóðsins. Því kann stutta svarið við þeirri spurningu hvort markmiðum sjóðsins hafi verið náð einfaldlega að vera já. Á sama tíma eru markmiðin þess eðlis að þau hafa engan enda fyrr en jafnrétti hefur verið náð. Svo dæmi sé tekið er unnt að vinna gegn launamun kynjanna þar til honum hefur verið útrýmt. Það sama má segja um öll önnur markmið sjóðsins. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist með úthlutun 455.000.000 kr. til verkefna sem miða að jafnrétti á árunum 2016–2020 er ljóst að enn er langt í land.

1. Inngangur

1.1 Jafnréttissjóður

Þann 20. október 2005 ákvað ríkisstjórn Íslands að veita 10.000.000 kr. til stofnunar Jafnréttissjóðs í tilefni 30 ára afmælis kvennafrídagsins. Tilgangur sjóðsins var að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis, samkvæmt [reglum nr. 513/2006 um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs](#). Stjórn sjóðsins var skipuð af forsætisráðherra til fjögurra ára en í henni áttu sæti þrír aðalmenn og þrír til vara. Einn var tilnefndur af félagsmálaráðherra, annar af menntamálaráðherra og sá þriðji án tilnefningar sem jafnframt var formaður. Styrkir skyldu veittir einu sinni á ári, á degi Sameinuðu þjóðanna þann 24. október, en stjórn sjóðsins var heimilt að ákveða í auglýsingu að veittir yrðu styrkir til tiltekinna eða afmarkaðra viðfangsefna.



Á árunum 2006–2008 var 9.800.000 kr. varið í styrki en eftir efnahagskreppuna árið 2008 var úthlutunum frestað tímabundið. Árið 2012 hófust úthlutanir á ný og ný stjórn skipuð í samræmi við [áætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2011–2014](#). Í áætluninni var gert ráð fyrir að fagráð skipað m.a. sérfræðingum á sviði kynjafræða legði faglegt mat á umsóknir.

Árið 2015 var fjárveiting sjóðsins hækkuð í 16.000.000 kr. eftir að stjórn Jafnréttissjóðs óskaði eftir því í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins að fjárveitingin yrði framreiknuð á grundvelli vísitölu neysluverðs. Jafnframt tók stjórnin sérstaklega fram að tilefni væri til að auka fjárveitingar sjóðsins í tilefni 100 ára kosningarréttarafmælis íslenskra kvenna árið 2015.

1.2 Jafnréttissjóður Íslands

Á hátíðarfundum þann 19. júní 2015 samþykkti Alþingi [þingsályktun nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands](#). Með þingsályktuninni var Jafnréttissjóður Íslands stofnaður og ákveðið að hann tæki við rannsóknarverkefnum Jafnréttissjóðs á starfstíma sínum. Með þingsályktuninni var ákveðið að Alþingi kysi þriggja manna stjórn og jafnmarga til vara. Stjórn sjóðsins skyldi eiga samvinnu við samtök kvenna, aðila á vinnumarkaði, ráðuneyti, skóla, sjóði og stofnanir um viðfangsefni sjóðsins. 100.000.000 kr. af fjárlögum var varið í sjóðinn ár hvert á árabílinu 2016–2020 og tekið fram að sjóðurinn hefði það að markmiði að fjármagna eða styrkja:

- a) verkefni sem eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
- b) verkefni sem varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu, t.d. með kynningu á íslenskum lausnum og áherslu á bættu stöðu kvenna í þróunarlöndum og á norðurslóðum,
- c) verkefni sem er ætlað að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi,
- d) þróunarverkefni í skólakerfinu sem er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pílta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
- e) verkefni sem eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmalastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
- f) rannsóknarverkefni sem eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð.

Með [þingsályktun nr. 17/145 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144](#), samþykktari 1. mars 2016, var fjöldi stjórnarmanna, sem og varamanna, Jafnréttissjóðs fjölgað úr þremur í fimm.

Þann 2. apríl 2019 urðu aftur breytingar á þingsályktuninni með [þingsályktun nr. 19/149 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144](#). Fjöldi stjórnarmanna var fækkað úr fimm í þrjá og í stað þess að Alþingi skipaði sjóðstjórn yrði það í höndum þess ráðherra sem færir með jafnréttismál. Einn skyldi tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins, annar af Jafnréttisstofu og þriðji án tilnefningar sem jafnframt yrði formaður sjóðsins. Varamenn skyldu skipaðir með sama hætti. Með þingsályktuninni var stjórnarsýsla sjóðsins færð í hendur Rannsóknamiðstöðvar Íslands. Upptalningu þeirra verkefna, sem sjóðurinn hefði að markmiði að fjármagna eða styrkja, var breytt. Orðalagi og efni c-liðar var breytt, auk þess sem fjórum stafliðum var bætt við; d-g. Röð stafliða d-f breyttist samkvæmt því og varð að h-j.

Markmiðin hljóða svo eftir breytinguna:

- a) verkefni sem eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu,
- b) verkefni sem varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu, t.d. með kynningu á íslenskum lausnum og áherslu á bætta stöðu kvenna í þróunarlöndum og á norðurslóðum,
- c) verkefni sem er ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum.
- d) verkefni sem stuðla að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi,
- e) verkefni sem stuðla að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt,
- f) verkefni sem stuðla að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis,
- g) verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánnum samböndum,
- h) þróunarverkefni í skólakerfinu sem er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum,
- i) verkefni sem eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmalastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess,
- j) rannsóknarverkefni sem eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð.

1.3 Efnistöð samantektar

Samantekt þessi er unnin í samræmi við aðgerð A1 – Jafnréttissjóður Íslands – í [Þingsályktun nr. 16/150 um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023](#). Í framkvæmdaáætluninni er gert ráð fyrir því að samantektin sé gerð með hliðsjón af markmiðum sjóðsins og lagt mat á hvort þeim hafi verið náð og með hvaða hætti.

Í samantekt þessari er leitast við að draga fram skýra heildarmynd af styrkveitingum Jafnréttissjóðs Íslands árin 2016–2020 með hliðsjón af markmiðum sjóðsins. Hún ætti því sérstaklega að koma Alþingi og stjórn Jafnréttissjóðs Íslands að gagni, enda markmiðssetning sjóðsins í höndum Alþingis og eftirfylgnin í höndum sjóðstjórnar.

Í kafla 2.1 er að finna yfirlit yfir fjölda og fjárhæð styrktra verkefna á árabílinu 2016–2020 með tilliti til markmiða sjóðsins. Í framhaldinu er að finna yfirlit yfir styrkveitingar á árunum 2016–2020 með tilliti til hvers og eins markmiðs sjóðsins í köflum 2.2 til 2.8 auk umfjöllunar um styrkhæstu verkefni. Í kafla 3 er leitast við að meta hvort markmiðum sjóðsins hafi verið náð og með hvaða hætti og að lokum má finna samantekt styrkveitinga árin 2016–2020 í kafla 4, þar sem styrktum verkefnum og framvindu þeirra er lýst. Það skal athugast að framvinda hinna styrktu verkefna liggur ekki fyrir í um 40% tilvika. Af 96 styrktum verkefnum á árunum 2016–2018 hefur lokaskýrslu ekki verið skilað í 16 tilvikum. Þá hafa fimm styrkþegar ársins 2019, af 17, fengið frest til að skila lokaskýrslu vegna COVID-19 og 15 af 19 styrkþegum ársins 2020 ekki skilað lokaskýrslu, enda skilafrestur ekki liðinn.

2. Styrkveitingar út frá markmiðum Jafnréttissjóðs Íslands


2.1 Almennt um styrkveitingar árin 2016–2020

2.1.1 Yfirlit yfir fjölda styrkveitinga

Á árabílinu 2016–2020 var tæplega 455.000.000 kr. úthlutað úr Jafnréttissjóði Íslands til 132 verkefna. Líkt og lesa má úr töflunum til hliðar er hlutfall styrkveitinga miðað við umsóknir að meðaltali tæp 30% á árabílinu, allt frá um 22% árið 2020 til um 37% árið 2016. Hlutfall styrkveitinga miðað við þá heildarfjárhæð sem sótt er um er að meðaltali tæp 20%, allt frá rúmum 16% árið 2016 til tæplega 25% árið 2018.

Styrkveitingar til verkefna voru að meðaltali tæplega 4.000.000 kr. á árunum 2016–2020, frá rúmlega 2.000.000 kr. árið 2016 til um 5.000.000 kr. árin 2019 og 2020.

Verkefnin sem hlutu styrk úr Jafnréttissjóði Íslands á tímabilinu falla öll, að undanskildum fjórum, beint að einu eða fleiri markmiðum sjóðsins, tilgreindum í staflíðum a-j í 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands](#), eins og henni var breytt með [þingsályktun nr. 19/149 um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144](#).



2.1.2 Dreifing styrkveitinga út frá markmiðum sjóðsins


Þar sem markmið sjóðsins eru öll til þess fallin að efla jafnrétti kynjanna tengjast þau að einhverju leyti innbyrðis. Af 132 styrktum verkefnum falla 53 þeirra aðeins að einu markmiði en 75 að fleiri en einu. Fjögur falla ekki beint að neinu markmiðanna.

Í línuritunum hér að neðan má sjá yfirlit yfir hve mörg hinna styrktu verkefna falla að hverju og einu markmiði og fjárhæðir hinna styrktu verkefna eftir markmiðum. Þau 75 verkefni sem falla að fleiri en einu markmiði eru inn í tölfræði hvers markmiðs.

Flest hinna styrktu verkefna falla að jafnrétti á vinnu-
markaði (a-liður), alls 53. Þrjú
markmið fylgja fast á eftir en 49
verkefni falla að stöðu
kynjanna í samtíð og fortíð
(j-liður), 45 að vinnu gegn
kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í
nánnum samböndum (c-liður) og
39 að ávinningi af auknu jafn-
rétti (b-liður). Á bilinu 1-17
verkefni falla að markmiðum
d-i-liða en skýringu á lágu
hlutfalli styrkveitinga sem
snerta markmið d-g-liða kann
að mega rekja til þess að
markmiðin komu ný inn árið
2019.

Í næstu undirköflum hér á eftir
verður fjallað almennt um
styrkveitingar sem falla að

hverju og einu markmiði sjóðsins auk hæstu styrkveitinga. Umfjöllun um styrkveitingar sem snerta markmið d-g-liða er þó fléttuð saman í kafla 2.5, þar sem markmiðin tengjast að mörgu leyti innbyrðis. Í kafla 2.5.2 verður fjallað um eina styrkta verkefnið sem snertir markmið f-liðar, sem og markmið e-liðar, í kafla 2.5.3 verður fjallað um hitt verkefnið sem snertir markmið e-liðar og í kafla 2.5.4 um önnur styrkt verkefni.



2.2 Jafnrétti á vinnumarkaði



2.2.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiði a-liðar

Markmið a-liðar 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144](#) hljóðar svo:

„verkefni sem eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu“


Líkt og segir í kafla 2.1 snerta flest hinna styrktu verkefna, alls 53, markmið a-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og eru til þess fallin að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 173.131.630 kr.

Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið a-liðar voru á bilinu 300.000 til 9.000.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.2.2 Styrkt verkefni

Verkefnið „**Kynjavísitölur á markaði**“, er Freyja Vilborg Þórarinsdóttir hlaut samtals 6.000.000 kr. styrk fyrir á árunum 2017 og 2018, er meðal styrkra verkefna sem snerta markmið a-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og er til þess fallið að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Styrkveitingin var nýtt til mótunar tveggja vísitalna sem eiga að varpa ljósi á raunveruleg áhrif kvenna á ákvörðunartöku á skráðum markaði með einkunnum og mismunandi litasamsetningum eftir



kynjahlutföllum í áhrifastöðum, með það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Kynjakvarðiinn *Gemmaq* hefur verið birtur á keldan.is. Nánar má lesa um kvarðann [hér](#) á heimasíðu GEMMAQ.

Þá hlaut Linda Rós Eðvarðsdóttir 9.000.000 kr. styrk árið 2020 til verkefnisins „**Immigrant Women's Experience of Employment-Based Violence in Iceland**“. Verkefnið felst í því að rannsaka reynslu kvenna af erlendum uppruna af ofbeldi í starfi þar sem Alþjóðavinnuáskrifstofan (e. *International Labour Office – ILO*) hefur lýst því yfir að erlendar konur séu hvað berskjaldaðastar fyrir því. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja reynslu kvenna af erlendum uppruna af ofbeldi í starfi og þróa menningarlega viðeigandi verkfæri til að bregðast við því.

Verkefnið „**Kjör, lífsskilyrði og staða innflytjendakvenna í láglau nastörfum á almennum og opinberum markaði**“, er Mirra – fræðslu- og rannsóknarsetur um málefni innflytjenda hlaut 6.000.000 kr. styrk fyrir árið 2019, snertir jafnframt markmið a-liðar. Það lýtur að rannsókn á kjörum, lífsskilyrðum, stöðu og framgangsmöguleikum erlendra kvenna í láglau nastörfum á höfuðborgarsvæðinu. Staða þeirra verður borin saman við stöðu íslenskra starfssystra þeirra og skoðað hvað sé líkt og ólíkt með hlutskipti hópanna í ljósi yfirlýstrar jafnréttisstefnu atvinnurekenda. Í brennidepli verða láglau nakonur í heilbrigðisþjónustu, leik- og grunnskólum svo og eldhúsi og þrifum. Verkefnið mun skýra hvað hefur áunnist í kynjajafnrétti og jafnrétti óháð uppruna og hverju er ábótavant.

2.3 Ávinningur af auknu jafnrétti



2.3.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiði b-liðar

Markmið b-liðar 1. mgr. [Þingsályktunar nr. 13/144](#) hljóðar svo:

„verkefni sem varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu, t.d. með kynningu á íslenskum lausnum og áherslu á bættu stöðu kvenna í þróunarlöndum og á norðurslóðum“

Líkt og segir í kafla 2.1 snerta 39 hinna styrktu verkefna markmið b-liðar 1. mgr. Þingsályktunar nr. 13/144 og varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 169.600.000 kr.

Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið a-liðar voru á bilinu 300.000 til 10.000.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.3.2 Styrkt verkefni

Verkefni landsnefndar UN Women á Íslandi – „**Kraftur til kvenna á flóttu**“ – er hlaut 5.000.000 kr. styrk árið 2017, er eitt þeirra styrktu verkefna sem snerta markmið b-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og styrkir jafnrétti á alþjóðavísu með áherslu á bættu stöðu kvenna í þróunarlöndunum.



Styrkveitingin var nýtt til vitundarvakningaráttaksins „Konurnar í Za'atari“, sem fór fram dagana 7.–22. nóvember 2018. Meðal annars voru framleidd fimm 2,5 mínútna myndbönd, þar sem áhorfendum var veitt innsýn í líf kvenna innan Za'atari-flóttamannabúðanna og í starf UN Women innan þriggja griðastaða UN Women sem eingöngu eru aðgengilegir konum og börnum þeirra innan búðanna. Myndböndin má nálgast á Youtube-síðunni [UN Women Ísland](#). Átakið hlaut mikla dreifingu í sjónvarpi og fjölmiðlum sem og á samfélagsmiðlum og vefmiðlum. Um 500 nýir mánaðarlegir styrktaraðilar gengu til liðs við UN Women á Íslandi í kjölfar áttaksins og 18.000.000 kr. söfnuðust.

Þá hlaut Silja Bára Ómarsdóttir 9.000.000 kr. styrk árið 2019 til verkefnisins „**Árangur gegn alþjóðlegu bakslagi – þungunarrof á Íslandi og Írlandi**“. Verkefnið lýtur að orðræðugreiningu umræðu um þungunarrof á Íslandi og Írlandi, þar sem lögum hefur verið breytt í átt til aukins frjálstræðis á síðustu árum. Þannig er leitast við að varpa ljósi á ástæður þess að lagasetning tókst í þessum tveimur löndum þegar bakslag gegn kyn- og frjósemisréttindum kvenna er allsráðandi víðast hvar í heiminum.

Verkefnið „**Gender Equality in the Arctic**“, sem Norðurslóðanet Íslands hlaut 9.000.000 kr. styrk fyrir árið 2020, er einnig meðal þeirra styrktu verkefna er snerta markmið b-liðar. Styrkveitingin mun nýtast til þess að vinna skýrslu um málefni kynjanna á norðurslóðum. Markmiðin með skýrslugerðinni eru að auka yfirsýn, sýnileika og skilning á málefnum kynjanna á norðurslóðum; stuðla að miðlun þekkingar um málefni kynjanna; veita stefnumótandi aðilum leiðsögn um jafnréttismál og greina á hvaða sviðum frekari rannsókna er þörf.

2.4 Vinna gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum

2.4.1 Almenn um styrkveitingar sem falla að markmiði c-liðar

Markmið c-liðar 1. mgr. [Þingsályktunar nr. 13/144](#) er svohljóðandi:


„verkefni sem er ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum“

Það skal athugast að orðalagi c-liðar var breytt þann 2. apríl 2019 með [Þingsályktun nr. 19/149](#). Á árabílinu 2016–2018 var markmiðið orðað svo:

„verkefni sem er ætlað að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi“.

Líkt og segir í kafla 2.1 snerta 45 hinna styrktu verkefna markmið c-liðar 1. mgr. Þingsályktunar nr. 13/144 og er ætlað að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 167.480.000 kr.

Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið c-liðar voru á bilinu 700.000 kr. til 9.000.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.4.2 Styrkt verkefni

Meðal hæstu styrkveitinga er snerta markmið c-liðar um að vinna gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í nánum samböndum er verkefnið „Myndin af mér“, er Elinóra – áhugafélag um kvikmyndir og fræðslu hlaut 4.000.000 kr. styrk fyrir árið 2016. Styrkveitingin nýttist til framleiðslu 30 mínútna leikinnar stuttmyndar um stafrænt kynferðisofbeldi fyrir aldurshópið 12–16 ára. Myndina má sjá [hér](#) og heimasíðu hennar [hér](#). Henni er skipt upp í fjóra hluta en hverjum þeirra fylgja umræðuvakar fyrir kennara og aðstandendur barna. Hlutarnir fjórir voru frumsýndir koll af kolli á Facebook-síðu Vodafone, næststærsta styrktaraðila myndarinnar, stuttu eftir frumsýningu. Henni var streymt 30.000 sinnum af Facebook fyrstu vikuna og í september 2021 eru áhorf á Youtube komin yfir 20.000. Myndinni var fylgt eftir með bréfi til kennara í stærstu fræðsluumdæmum, auk þess sem aðstandendur og leikarar úr myndinni heimsóttu skóla og ræddu við unglinga. Enn fremur hefur myndin verið kynnt á Kynjaþingi og víðar.



Annað dæmi um styrkt verkefni sem snertir markmið c-liðar er doktorsverkefnið „Takmarkar internetið mannréttindavernd?“, er María Rún Bjarnadóttir hlaut samtals 10.000.000 kr. styrk fyrir árin 2016–2018. Verkefninu er lokið og mun vörn þess fara fram þann 11. nóvember 2021. Þess má geta að María vann greinargerð til stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, sem má nálgast [hér](#). Jafnframt vann hún, að tilstuðlan dómsmálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), sem má nálgast [hér](#). Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. febrúar 2021 og hefur stafrænt kynferðisofbeldi þannig sérstaklega verið gert refsivert í íslenskum rétti, sbr. nýtt ákvæði 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.5 Fræðsla og forvarnir

2.5.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiðum d-g-liða

Það skal athugast að markmið d-g-liða 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144](#) komu ný inn þann 2. apríl 2019 með [þingsályktun nr. 19/149](#). Styrkveitingar sem snerta markmiðin taka því aðeins til árána 2019–2020.

Þar sem öll markmiðin fjögur snerta fræðslu og forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi á einn eða annan hátt, og öll hinna styrktu verkefna snertu fleiri en eitt af markmiðunum, er umfjöllun um styrkveitingar sem að þeim lúta fléttuð saman í þessum kafla. Markmiðin hljóða svo:



d-liður: „verkefni sem stuðla að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi“

e-liður: „verkefni sem stuðla að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt“

f-liður: „verkefni sem stuðla að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis“

g-liður: „verkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánum samböndum“

Unnið var að markmiðum d-g-liða innan 13 styrktra markmiða. Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmiðin fjögur voru á bilinu 1.200.000 til 9.000.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.5.2 Verkefnið „Sjúkást“

Verkefnið „Sjúkást“, er Stígamót hlutu 9.000.000 kr. styrk fyrir árið 2019, er eina styrkta verkefnið sem snertir markmið f-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og stuðlar að fræðslu fyrir ungt fólk um ábyrga afstöðu til kynlífs, kláms og kynbundins ofbeldis. Það er jafnframt eina styrkta verkefni sama árs sem snertir markmið e-liðar og stuðlar að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt.



Sjúkást er forvarnarátak um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna en markmið þess er að ungmenni þekki lykilhugtök á borð við mörk og samþykki og geti greint muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum.

Átakið hefur farið fram árlega frá árinu 2018 og felst í því að útbúa efni, fræða fræðara og vera í nærumhverfi ungmennanna til að ná til sem mest fjölda.

Styrkveitingin var nýtt til Sjúkást-átaksins árið 2020, sem lagði í fyrsta sinn áherslu á klám. Öflug samfélagsmiðlaherferð var rekin og plakötum, póstkortum og ýmsum varningi dreift í skóla og félagsmiðstöðvar til að vekja athygli ungmenna á verkefninu. Fræðslan náði til um 3600 ungmenna en til hennar voru framleidd þrjú myndbönd, sem nálgast má hér:

- [Samþykki og samskipti](#)
- [Klám vs. raunveruleiki](#)
- [Sjálfsfröun og þekkja eigin mörk](#)


Á vefsíðunni sjukast.is er jafnframt að finna auðlesnar upplýsingar um ýmislegt sem viðkemur samböndum ungs fólks, t.a.m. birtingarmyndir ofbeldis, kynlíf, klám, hvað einkennir heilbrigð sambönd o.fl.





2.5.3 Verkefnið „Karlmenntan“

Verkefnið „Karlmenntan“, er Þorsteinn V. Einarsson hlaut 8.000.000 kr. styrk fyrir árið 2020, er eina styrkta verkefni þess árs sem snertir markmið e-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og stuðlar að fræðslu og forvarnastarfi fyrir ungt fólk um ofbeldi, áreitni og einelti og orðræðu sem ýtir undir slíkt.



Karlmenntan varð til í kjölfar frásagna karla undir myllumerkinu #karmennskan á Twitter í mars 2018, er hundruð karla sögðu frá upplifunum sínum af karmennskuhugmyndum. Markmið Karlmenntunnar er að varpa ljósi á íhaldssamar ráðandi karmennskuhugmyndir, hreyfa við þeim, skapa jákvæðri karmennsku frekari sess og styðja í leiðinni við jafnrétti í íslensku samfélagi.



Styrkveitingin var nýtt til framleiðslu fimm

vefsjónvarpsþátta Karlmenntunnar, sem nálgast má [hér](#) sem og 12 hlaðvarpsþátta, sem nálgast má [hér](#).

Þá voru yfir hundrað fræðslufærslur birtar á vef- og samfélagsmiðlum og rötuðu margar hverjar þeirra í umfjöllun fjölmiðla.

Að lokum átti Þorsteinn náið samstarf við Stígamót, UN Women á Íslandi, Píeta samtökin og námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands

og fór af stað í herferð um „jákvæða karmennsku“ dagana 15.-26. mars 2021.

Á [vef Karlmenntunnar](#) er að finna hina ýmsu pistla og greinar, auk hlekkja inn á viðtalsþætti Karlmenntunnar á Hringbraut, vefsjónvarp Karlmenntunnar hjá Stundinni o.fl. Karlmenntuna er jafnframt að finna á [Facebook](#) og [Instagram](#).

2.5.4 Önnur styrkt verkefni

Verkefnið „**Sexual Harassment and Violence in the Work Environment**“, er Edda Björk Þórðardóttir hlaut samtals 14.000.000 kr. styrk fyrir árin 2019 og 2020, er eitt þeirra styrktu verkefna sem snerta markmið d-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og stuðlar að fræðslu og forvörnum með það að markmiði að útrýma kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi.

Markmið rannsóknarinnar er að dýpka skilning okkar á heilsufarslegum afleiðingum kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á vinnustað. Leitast er við að meta tíðni háþrýstings, geðlyfja (t.d. svefn-, verkja- og þunglyndislyfja) og fíkniefnaneyslu sem og að meta algengi sjálfsvígshæðunar (þ.e. sjálfsskaða, sjálfsvígshugsana og sjálfsvígstilrauna) meðal íslenskra kvenna sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað.

Á alþjóðavettvangi er lítið vitað um lyfjanotkun og hættu á sjálfsvígshæðun meðal útsettra kvenna en rannsóknin mun veita ómetanlegar upplýsingar til að bæta stefnu og íhlutun.

Verkefnið „**Réttarsalur í sýndarveruleika og áhrif hans á upplifun þolenda kynferðisofbeldis**“, er Háskólinn í Reykjavík hlaut 9.000.000 kr. styrk fyrir árið 2020, er eitt þeirra styrktu verkefna sem snerta markmið g-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og stuðlar að aukinni þekkingu á vörnum og samræmdum viðbrögðum við ofbeldi í nánnum samböndum.

Rannsóknin er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Rannsóknin felst í því að útbúa nákvæma eftirlíkingu af dómsal í Héraðsdómi Reykjavíkur í sýndarveruleika og bjóða 80 þolendum kynferðisofbeldis til þátttöku, bæði þolendum sem hafa reynslu af réttarkerfinu og þolendum sem eru að íhuga að fara með mál sín í gegnum réttarkerfið.

Tilgangur rannsóknarinnar er að meta hvort sýndarveruleiki gagnist við að upplýsa þolendur kynferðisofbeldis um réttarsal og vanlíðan tengda honum. Þátttakendum verður boðið að prófa sýndarveruleikaumhverfið og viðbrögð verða metin með spurningalistum, viðtali og líffræðilegum mælingum.



2.6 Sterk og jákvæð sjálfsmynd pilta og stúlkna



2.6.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiði h-liðar

Það skal athugast að markmið h-liðar 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144](#) var að finna í d-lið fram til 2. apríl 2019, þegar henni var breytt með [þingsályktun nr. 19/149](#). Markmið h-liðar er svohljóðandi:

„þróunarverkefni í skólakerfinu sem er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna, svo sem með aukinni fræðslu í kynjafræðum“

Líkt og kemur fram í kafla 2.1 snerta 17 hinna styrktu verkefna markmið h-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pilta og stúlkna. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 55.800.000 kr.

Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið h-liðar voru á bilinu 700.000 til 10.000.000 kr. Fjölda og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.6.2 Styrkt verkefni

Hæstu styrkveitingu til verkefnis sem snertir markmið h-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands, eða 10.000.000 kr., hlaut Annadís Greta Rúdólfssdóttir árið 2018 fyrir verkefnið „**Börn á tímum kynlífsvæðingar og stafrænnar tækni: Rannsókn og aðgerðir**“. Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar felst það í rannsókn á kynjaðri menningu í leik-, grunn- og gagnfræðaskólum (5-9 ára og 12-15 ára) og á netinu (12-15 ára). Þar verða skoðuð þau tækifæri og þær takmarkanir sem börnum og unglingum eru sett við að birta og móta kyngervi sitt. Hins vegar felst það í hönnun gagnvirkar heimasíðu fyrir börn og kennara, sem veitir uppbyggilega leiðsögn til að takast á við málefni sem börnin sjálf telja brýn og snerta kynjuð samskipti og kynjaðan reynsluheim þeirra. Rannsóknin gengur út frá þeim forsendum að börn séu virk í að skilgreina og skapa kyngervi sitt. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kyngervi taki mið af þroska barna og félagslegri stöðu þeirra.



Jafnréttisnefnd Landspítala hlaut 4.700.000 kr. árið 2020 fyrir verkefnið „**Strákar og hjúkrun – kynning fyrir stráka í 9. bekk grunnskóla**“. Markmið verkefnisins er að vekja áhuga stráka á hjúkrunarstörfum, breyta staðalímyndum og fjölga körlum sem ákveða að leggja fyrir sig sjúkraliða- og/eða hjúkrunarfræðináms. Kynningar stóðu yfir á vormánuðum ársins 2021 en þær byggðu á stöðvaþjálfun þar sem strákarnir fengu að kynna störfum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á skemmtilegan hátt.

Háskólinn í Reykjavík hlaut 2.500.000 kr. styrk árið 2016 fyrir verkefnið „**Stelpur og tækni**“. Verkefnið felst í því að bjóða stelpum úr 9. bekkjum grunnskóla í háskólann og tæknifyrirtæki. Markmiðið með verkefninu er að vekja áhuga stelpna á ýmsum möguleikum í tækninámi og störfum, brjóta niður staðalímyndir og sýna þeim fjölbreytileikann sem einkennir tækniíðnaðinn. Myndband um verkefnið má nálgast [hér](#).



2.7 Hvatning til aukinnar þátttöku ungs fólks



2.7.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiði i-liðar

Það skal athugast að markmið i-liðar 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144](#) var að finna í e-lið fram til 2. apríl 2019, þegar henni var breytt með [þingsályktun nr. 19/149](#). Markmið i-liðar er svohljóðandi:

„verkefni sem eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmalastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess“

Líkt og kemur fram í kafla 2.1 snerta níu hinna styrktu verkefna markmið i-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og eru til þess fallin að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmalastarfi og stuðla þannig að aukinni kosningaþátttöku þess. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 14.000.000 kr.



Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið i-liðar voru á bilinu 500.000 kr. til 3.500.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.7.2 Styrkt verkefni

Verkefnið „**We Should All Be Feminists**“, er Kvenréttindafélag Íslands hlaut 1.000.000 kr. styrk fyrir árið 2016, er meðal styrkra verkefna sem snerta markmið i-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og er til þess fallið að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórn málastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess. Fyrir styrkinn var bókin „We Should All Be Feminists“ eftir Chimamanda Ngozi Adichie þýdd og gefin öllum fyrsta árs nemum í framhaldsskólum landsins.

Kvenréttindafélag Íslands afhenti skólameistara og nemendum Borgarholtsskóla bókina formlega þann 27. september 2017 til að heiðra framlag skólans til kynjafraeðikennslu á öllum skólastigum.



Stuttmyndin „**Islandia**“ hlaut 2.000.000 kr. styrk árið 2016. Hún byggir á sannsögulegum atburðum og fjallar um íslenska stúlku sem verður fyrir kynferðislegu ofbeldi í sumarfríi í Tyrklandi en er sett í fangelsi fyrir að kæra verknaðinn. Myndin var tilnefnd til Edduverðlaunanna árið 2019 en hana má nálgast [hér](#).

Þá hlutu samtökin *Women in Parliaments Global Forum* 3.500.000 kr. styrk árið 2016 til verkefnisins „**Girls in Parliaments**“. Verkefnið fólst í því að virkja kvenkyns þingmenn þjóðþinga til að hýsa hóp stúlkna á dögum *Girls in Parliaments* í tilefni Alþjóðadags stúlkubarnsins þann 11. október 2016. Ætlunin var að valdefla ungar konur til að auka þátttöku þeirra í félags-, efnahags- og stjórn málalífi með því að koma þeim í samband við kvenkyns þingmenn þjóðþings síns og gera þeim kleift að læra um löggjafarstarf þingmanna og rétt þeirra til að taka þátt í ákvarðanatöku.

2.8 Staða kynjanna í samtíð og fortíð



2.8.1 Almennt um styrkveitingar sem falla að markmiði j-liðar

Það skal athugast að markmið j-liðar 1. mgr. [þingsályktunar nr. 13/144](#) var að finna í f-lið fram til 2. apríl 2019, þegar henni var breytt með [þingsályktun nr. 19/149](#). Markmið j-liðar er svohljóðandi:

„rannsóknarverkefni sem eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð“


Líkt og kemur fram í kafla 2.1 snerta 49 hinna styrktu verkefna markmið j-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 og eru til þess fallin að varpa ljósi á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð. Heildarfjárhæð styrkveitinganna er 188.200.000 kr.

Styrkveitingar til verkefna sem snerta markmið i-liðar voru á bilinu 300.000 kr. til 10.000.000 kr. Fjöldi og heildarfjárhæð hinna styrktu verkefna má sjá í ritunum hér að neðan.



2.8.2 Styrkt verkefni

Af hæstu styrkveitingum til verkefna sem snerta markmið j-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands má nefna verkefnið „**Huldukonur: Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960**“, er Íris Ellenberger hlaut 8.000.000 kr. styrk fyrir árið 2017. Með verkefninu var heimilda um hinsegin kynverund kvenna á tímabilinu aflað og afraksturinn birtur á vefsíðunni huldukonur.is. Heimilda var leitað um ástir, nána vináttu og kynferðisleg sambönd kvenna, t.d. um sambúð tveggja eða fleiri fullorðinna kvenna, tilfinningarík samskipti og kynlíf en einnig um hegðun og útlit sem þótti karlmannlegt á sínum tíma og getur verið vísbending um hinsegin kynverund. Á vefsíðunni er hægt að lesa um efnið út frá ýmist tímabilum eða þemum, auk þess sem finna má námsefni til kennslu.



Þá hlaut Guðrún Ingólfsdóttir 9.500.000 kr. styrk árið 2017 til verkefnisins „**Sjálfsmynd 19. aldar skáldkvenna og glíman við hefðina**“. Verkefnið snýr að útgáfu bókar um skáldkonur frá 19. öld sem hafa ekki enn fengið rödd á opinberum vettvangi en hennar ætti að vera að vænta árið 2022. Tilgangur útgáfunnar er að birta og greina nákvæmlega úrval af kveðskap kvenna frá 19. öld, m.a. í leit að sjálfsmynd þeirra. Stuðst verður við rannsóknir fræðimanna á frelsishugmyndum kvenna á 19. öld og félagslegum veruleika þeirra en skáldkonurnar verða einnig látnar tala máli sínu sjálfar.

Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hlaut 4.500.000 kr. styrk árið 2019 til verkefnisins „**Ásta Sigurðardóttir: málþing og greinasafn**“. Styrkveitingin var nýtt til útgáfu greinasafnsins „Ástusögur – Um líf og list Ástu Sigurðardóttur“ haustið 2021. Í safninu er fjallað um ævi Ástu, smásögur, ljóð og myndir, auk þess sem sjö skáldkonur, innblásnar af verkum Ástu, yrkja ljóð eða skrifa smásögur í bókina. Þann 20. nóvember 2021 verður útgáfu bókarinnar fagnað með málþingi sem haldið verður í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Þar munu nokkrir höfundar bókarinnar stíga á stökk og lesnir verða upp textar eftir Ástu sjálfa.



3. Hafa markmið sjóðsins gengið eftir?

Á tímabilinu 2016–2020 var alls 455.000.000 úthlutað úr Jafnréttissjóði Íslands til verkefna sem miða að jafnrétti.

Verkefni sem hlotið hafa styrki úr Jafnréttissjóði Íslands á árunum 2016–2020 eru fjölbreytt og hafa flest ef ekki öll falið í sér einhvers konar þekkingarsköpun eða miðlun þekkingar á sviði jafnréttismála. Sum þeirra felast í doktorsrannsóknnum eða annars konar fræðilegum rannsóknnum og þekkingarsköpun og búa þannig til grunn að umbótum í löggjöf og stefnumótun stjórnvalda á víðu sviði jafnréttismála. Önnur felast í vitundarvakningarherferðum, útgáfu bóka, greinasafna, myndbanda eða jafnvel heimildarmynda.

Markmið með stofnun og starfsemi Jafnréttissjóðs Íslands snúa ekki með beinum hætti að því að koma á fullu jafnrétti, heldur því að vinna gegn misrétti og efla jafnrétti. Líkt og ljóst er af umfjöllun kafla 2 hafa styrkveitingar úr Jafnréttissjóði Íslands snert hvert og eitt markmið sjóðsins. Því kann stutta svarið við spurningunni hvort markmiðum sjóðsins hafi verið náð einfaldlega að vera já. Á sama tíma eru markmiðin þess eðlis að þau hafa engan enda fyrr en fullu jafnrétti hefur verið náð. Svo dæmi sé tekið er hægt að vinna gegn launamun kynja þar til honum hefur verið að fullu eytt. Það sama má segja um öll önnur markmið sjóðsins. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist með úthlutun 455.000.000 kr. til verkefna sem miða að jafnrétti á árunum 2016–2020 er ljóst að enn er langt í land.

Líkt og segir í kafla 2.2 var unnið að markmiði a-liðar 1. mgr. þingsályktunar nr. 13/144 um Jafnréttissjóð Íslands innan 53 styrkra verkefna á tímabilinu 2016–2020. Unnið var að því að vinna gegn launamun kynjanna og efla almennt jafnrétti á vinnumarkaði og í atvinnulífinu með ýmsum leiðum. Sum hinna styrktu verkefna lutu að því að jafna kynjahlutföll í áhrifastöðum á vinnumarkaði, önnur að því að vinna gegn ofbeldi á vinnumarkaði og enn önnur að því að kortleggja stöðu kvenna af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Þá var með ákveðnum verkefnum unnið sérstaklega að jafnrétti innan ólíkra starfsstétta, t.a.m. með verkefnum „Stelpur og tækni“ og „Strákar og hjúkrun“.

Líkt og segir í kafla 2.3 var unnið að markmiði b-liðar og leitast við að varpa ljósi á samfélagslegan, umhverfislegan og efnahagslegan ávinning af auknu jafnrétti og styrkja jafnrétti á alþjóðavísu innan 39 styrkra verkefna á tímabilinu 2016–2020. Verkefnin voru fjölbreytt og hafa mörg hver fengið mikla útbreiðslu. Í tengslum við vitundarvakningarátakið „Kraftur til kvenna á flótta“ söfnuðust t.a.m. 18.000.000 kr. til að vinna að jafnrétti á alþjóðavísu.

Líkt og segir í kafla 2.4 var unnið að markmiði c-liðar innan 45 verkefna og þar með gegn kynbundinni og kynferðislegri áreitni, kynbundnu ofbeldi og ofbeldi í

nánum samböndum. Ein styrkveitingin varð m.a. til þess að börn á aldrinum 12-16 ára fengu fræðslu um stafrænt kynferðisofbeldi með stuttmyndinni „Myndin af mér“ og heimsóknum aðstandenda og leikara myndarinnar í skóla. Önnur styrkveiting hafði óbein áhrif út fyrir verkefnið sjálft en styrkur Jafnréttissjóðs Íslands til doktorsverkefnisins „Takmarkar internetið mannréttindavernd?“ leiddi óbeint til tímabærra breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem nú tryggja kynferðislega friðhelgi og refsineymi stafræns kynferðisofbeldis.

Þrettán verkefni hlutu styrk til að vinna að markmiðum d-g-liða og hvert þeirra snerti fleiri en eitt markmiðanna, líkt og kemur fram í kafla 2.5. Með verkefninu Sjúkást var framleidd aðgengileg og nýstárleg fræðsla fyrir ungmenni um samþykki og samskipti, klám, sjálfsfróun og það að þekkja eigin mörk í formi myndbanda. Myndböndin voru sýnd um 3600 ungmönnum á landsvísu og þeim veitt fræðsla samhliða. Þá er að finna auðlesnar upplýsingar á heimasíðu verkefnisins um ýmislegt varðandi sambönd ungs fólks, t.a.m. birtingarmyndir ofbeldis, kynlíf, klám, hvað einkennir heilbrigð sambönd o.fl. Stórt framlag til jafnréttismála hefur jafnframt falist í verkefninu „Karlmenntan“ og þeim vefsíðunvarpsbáttum, hlaðvarpsbáttum og fræðslufærslum sem birtar voru fyrir styrkveitinguna. Að lokum má nefna rannsóknina „Réttarsalur í sýndarveruleika og áhrif hans á upplifun þolenda kynferðisofbeldis“, sem er fyrst sinnar tegundar í heiminum. Áhrif þeirrar rannsóknar kemur til með að nýtast þolendum kynferðisofbeldis.

Líkt og segir í kafla 2.6 var unnið að markmiði h-liðar og stuðlað að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd pílta og stúlkna innan 17 styrkra verkefna á tímabilinu 2016–2020, t.a.m. með verkefnunum „Stelpur og tækni“ og „Strákar og hjúkrun“.

Líkt og segir í kafla 2.7 hlutu níu styrk til að vinna að markmiði i-liðar, þ.e. að hvetja ungt fólk af báðum kynjum til aukinnar þátttöku í samfélagslegum verkefnum og stjórnmalastarfi og stuðla að aukinni kosningaþátttöku þess. Eitt þeirra verkefna sneri að því að gefa öllum fyrsta árs nemum í framhaldsskólum landsins bókina „Við ættum öll að vera femínistar“ eftir Chimamanda Ngozi Adichie.

Líkt og segir í kafla 2.8 var unnið að markmiði j-liðar og ljósi varpað á stöðu kynjanna jafnt í samtíð sem fortíð innan 49 styrkra verkefna á tímabilinu 2016–2020. Vefsíðan huldukonur.is var birt, þar sem finna má upplýsingar um hinsegin kynverund kvenna á árunum 1700–1960 út frá ýmist tímabilum eða þeim auk námsefnis til kennslu. Þá verður greinasafnið „Ástusögur – Um líf og list Ástu Sigurðardóttur“ gefið út haustið 2021 og útgáfunni fagnað með málþingi.

Af framangreindu má ráða að stutta svarið við þeirri spurningu hvort markmiðum sjóðsins hafi verið náð sé einfaldlega já. Um leið má þó líka segja að markmiðin hafi engan enda fyrr en fullu jafnrétti hefur verið náð.

4. Yfirlit yfir styrkveitingar árin 2016–2020

4.1 Styrkveitingar 2016



Fæðingarútkomur kvenna sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi: Einkenni nýburans

- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að skoða hvort samband sé á milli útsetningar (e. *exposure*) kvenna fyrir kynferðisofbeldi á unglings- eða fullorðinsárum og óæskilegra útkoma tengdum meðgöngu og fæðingu síðar á lífsleiðinni. Í þeim hluta verkefnisins sem þessi rannsókn snýr að verður skoðað hvort nýburar kvennanna séu í aukinni áhættu á óæskilegum einkennum við fæðingu, samanborið við nýbura kvenna sem ekki hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Ekki vera yfir aðra hafin, né undir aðra gefin heldur standa jafnfætis öðrum

- **Styrkþegi:** Anna Magnea Hreinsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að efla sjálfsmynd drengja og stúlkna í skólum Borgarbyggðar. Mótuð verða námskeið sérsniðin annars vegar að sjálfsmynd drengja og hins vegar að sjálfsmynd stúlkna sem haldin verða árlega fyrir drengi og stúlkur á aldrinum fimm, tíu og fimmtán ára.
- **Framvinda:** Skipaður var þróunarhópur sex kennara í leik- og grunnskólum Borgarbyggðar, sem þróaði þrjár námskeiðslýsingar að loknu samráði við sérfræðinga með það að leiðarljósi að efla sjálfstæði og frumkvæði stúlkna annars vegar og hins vegar tilfinninga- og samskipta-færni drengja, auk þess að fræða eldri nemendur um jafnrétti. Stefnt er

að því að árlega fái allir fimm, tíu og þrettán ára nemendur í Borgarbyggð að taka þátt í námskeiði í eflingu sjálfsmyndar og jafnréttisfræðslu. Einnig er stefnt að því að foreldrar barna á þessum aldri fái fræðslu um sjálfsmynd barna og unglunga og hvernig jafnréttishugsun getur ýtt undir sterkari sjálfsmynd.

Rannsókn á tíðni áfalla í æsku hjá íslenskum konum og tengsl við heilsufar

- **Styrkþegi:** Anna María Jónsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin er meginleg og gefur lýðheilsufræðilegar upplýsingar um stórt úrtak kvenna. Hún er endurtekning rannsóknarinnar *ACE (Adverse Childhood Experience)* sem gerð var í Bandaríkjunum árin 1997–1999 og sýndi að tíu algengustu áföll í bernsku tengdust ofbeldi af öllu tagi, vanrækslu og geðrænum veikindum eða fíknisjúkdómi í fjölskyldu, skilnaði eða missi foreldris vegna dauðsfalls, brott-hvarfs eða fangelsunar. Fjöldi áfalla hafði forspárgildi varðandi heilsufar einstaklingsins síðar á ævinni.
- **Framvinda:** Við skil lokaskýrslu hafði styrkþegi fullgert rannsóknar-áætlun og ákveðið endanlega hverjir leiðbeinendur verkefnisins yrðu. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Islandia

- **Styrkþegi:** arCus films
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Stuttmyndin *Islandia* er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um íslenska stúlku sem fer í sumarfrí til Tyrklands. Starfsmaður hótelsins sem hún dvelur á brýst inn á herbergi hennar um miðja nótt og nauðgar henni. Hún reynir að kæra verknaðinn en er sett í tyrkneskt fangelsi fyrir vikið. Helstu markmiðin eru að koma myndinni í framleiðslu til að undirstrika mikilvægi þess að varpa ljósi á kynbundið ofbeldi og þöggun úti um allan heim.
- **Framvinda:** Stuttmyndin var frumsýnd þann 30. nóvember 2018 en hana má nálgast [hér](#). Hún var tilnefnd til Edduverðlaunanna árið 2019 og sýnd á vegum RVK Feminist Film Festival í janúar 2020.

Karlar í yngri barna kennslu

- **Styrkþegi:** Arna Hólmfríður Jónsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli ungra karla á starfi kennara í leikskólum og hins vegar að fjölga þeim í starfi. Útbúið verður fræðsluefni fyrir náms- og starfsráðgjafa grunn- og framhaldsskóla svo og efni til notkunar með nemendum í efri bekkjum grunnskólans og í framhaldsskólum. Fræðsluefnið verður um starf yngri barna kennara og þá möguleika sem felast í námi í leikskólakennarafræðum.
- **Framvinda:** Þar sem styrkurinn sem verkefnið hlaut nam aðeins 27% af þeirri upphæð sem sótt var um var ákveðið að ráða þrjá verkefnastjóra. Verkefnastjórnir skuldbundu sig til að ljúka námi sem veitti þeim leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi innan tveggja ára, auk þess að tala fyrir náminu í framhaldsskólum, samfélagsmiðlum og öðrum miðlum. Einn af þremur verkefnastjórunum sagði sig frá verkefninu en afrakstur

vinnu verkefnastjóranna tveggja má m.a. finna undir heitinu „Járnkarlarnir“ á [Facebook](#) og [Twitter](#).

Jafnrétti og íslenskir unglingar

- **Styrkþegi:** Ársæll Már Arnarsson
- **Fjárhæð:** 1.200.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins eru fjögur: Í fyrsta lagi að rannsaka breytingar á viðhorfum unglunga til jafnréttismála. Í öðru lagi að skoða áhrif foreldraorlofs á tengsl unglunga við foreldra. Í þriðja lagi að skoða nánar kynferðislegt ofbeldi og áreitni gagnvart unglungum og í fjórða lagi að greina jafnréttishugmyndir unglunga niður á skóla og skapa þar með möguleika til þess að árangursmæla mismunandi fræðsluleiðir í þessum efnum.
- **Framvinda:** Birtar hafa verið fjölmargar greinar út frá verkefninu, t.a.m. eftirfarandi:
 - Ársæll Már Arnarsson, Kristín Heba Gísladóttir og Stefán Hrafn Jónsson: „Algengi kynferðislegrar áreitni og ofbeldis gegn íslenskum unglungum“, *Læknablaðið 2016*, 6. tbl. 102. árgangs, bls. 293-299.
 - Ársæll Arnarsson: „Heilsa og lífskjör skólanema á Íslandi í alþjóðlegum samanburði“, *Rannsóknasetur forvarna 2016*, ISBN: 978-9935-437-47-1.

Kynbundin líðan og námsgengi nemenda á starfsnámsbrautum

- **Styrkþegi:** Ásrún Matthíasdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Í þessari rannsókn verður sérstaklega hugað að áhrifum menntunar og er meginmarkmiðið að varpa ljósi á kynbundna líðan og námsgengi nemenda í tækninámi. Rannsóknin getur gert tækninám aðgengilegra konum og þannig stuðlað að því að fleiri konur sækji um námið. Markmiðið er að kanna hvort tengsl eru á milli líðanar nemenda í tækninámi, náms- og starfsumhverfis og námsgengis.
- **Framvinda:** Fyrir styrkinn réð styrkþegi sálfræðing og stundakennara við Háskólann í Reykjavík til gagnavinnu og skrifa að niðurstöðudrögum. Út frá afrakstrinum hófst styrkþegi handa við að skrifa grein sem fékk vinnuheitid *Vocational students well-being and gender differences*. Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var stefnt að birtingu árið 2018 í tímaritinu *Journal of Vocational Education & Training*.

Kynlegt stríð. Ríkisafskipti af íslenskum konum og hermönnum í síðari heimsstyrjöld

- **Styrkþegi:** Bára Baldursdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á þá atburðarás sem varð þess valdandi að gripið var til stórfelldra afskipta af samskiptum íslenskra kvenna og setuliðsmanna í síðari heimsstyrjöld. Aðferðafræði kynjasögunnar verður höfð að leiðarljósi við rannsóknina. Ætlunin er að rannsaka hvernig hugmyndir um kven- og karllega eiginleika mótuðu samfélagslega stöðu kynjanna á þessum tíma. Áhersla verður lögð á að greina orðræður um þjóðerni, kyngervi og vald í þeim tilgangi að varpa ljósi á þær skorður sem samfélagið setti íslenskum konum sem stigu út fyrir þau mörk sem þeim voru ætluð í þjóðernislegri orðræðu.

- **Framvinda:** Við skil lokaskýrslu var styrkþegi u.p.b. hálfnuð með bókarskrifin og hafði átt samtál við bókaútgefanda sem sýndi mikinn áhuga á verkinu. Nákvæm tímasetning útgáfu lá þó ekki fyrir.

Fjögum kvenþjálfurum í körfuknattleik

- **Styrkþegi:** Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að fjölga kvenþjálfurum í körfuknattleik á Íslandi með því að halda þjálfaranámskeið eingöngu fyrir konur. Kennari námskeiðsins verður Brynjar Karl Sigurðsson. Námskeiðið mun standa yfir í níu mánuði og á að veita konunum þekkingu til að koma sér í fremstu röð þjálfara hér á landi innan fátíðra ára. Námskeiðið er þáttur í því að auka jafnrétti kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar, stækka tengslanet kvenna og auka sjálfstraust þeirra til þátttöku á öðrum sviðum samfélagsins.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Konur og karlar í Hæstarétti – Greining á undirbúningi og skipan í störf dómara á Íslandi

- **Styrkþegar:** Brynhildur G. Flóvenz og Þorgerður Einarsdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á skipan í störf héraðsdómara og hæstaréttardómara á Íslandi með því að rannsaka undirbúning og skipan/setningu í störfin á árunum 2010–2015 út frá sjónarhorni kynjafræði og kvennáttúru. Verkefnið lýtur annars vegar að kynjafræðilegri orðræðugreiningu og hins vegar að lögfræðilegri rannsókn á hæfnismatinu sjálfu.
- **Framvinda:** Orðræðugreiningin og hluti lögfræðirannsóknarinnar var kynnt á Þjóðarspeglinum 2017. Þar sem skipun Landsréttar gaf einstakt tækifæri til að greina betur hæfnismat, þar sem það snerti heilan dómstól, var lögfræðirannsóknin útvíkkuð og stóð því enn yfir þegar lokaskýrslu var skilað.

Myndin af mér – fræðslustuttmynd um sexting, hrelliklám og stafræn borgararéttindi

- **Styrkþegi:** Elinóra – áhugafélag um kvikmyndir og fræðslu
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið stuttmyndarinnar „Myndin af mér“ er að notast við þá árangursríku aðferð sem þróuð var við gerð myndanna „Fáðu já!“ og „Stattu með þér!“ til að koma mikilvægri fræðslu til barna á jákvæðan og skemmtilegan hátt. Samhliða því sem kynferðisleg samskipti ungmenna hafa færst í auknum mæli inn á netið hefur þörfin fyrir að innlima netsamskipti í kynfræðslu barna orðið knýjandi. „Myndin af mér“ mun fræða áhorfendur um hugtök á borð við sexting, hrelliklám og stafræn borgaréttindi (e. *cyber civil rights*).
- **Framvinda:** Þrjátíu mínútna leikna stuttmyndin um stafrænt kynferðisofbeldi fyrir aldurshópið 12–16 ára – „Myndin af mér“ – eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur og Brynhildi Björnsdóttur, var frumsýnd um miðjan janúar ársins 2018 fyrir aðstandendur og boðsgesti. Henni er skipt upp í fjóra hluta en hverjum þeirra fylgja umræðuvakar fyrir kennara og aðstandendur barna. Hlutarnir fjórir voru frumsýndir koll af kalli á Facebook-síðu Vodafone, næststærsta styrktaraðila myndarinnar, stuttu

eftir frumsýningu. Myndina má sjá [hér](#) og heimasíðu hennar [hér](#). Henni var streymt 30.000 sinnum af Facebook fyrstu vikuna og í september 2021 eru áhorf á Youtube komin yfir 20.000. Myndinni var fylgt eftir með bréfi til kennara í stærstu fræðsluumdæmum auk þess sem aðstandendur og leikarar úr myndinni heimsóttu skóla og ræddu við unglinga. Enn fremur hefur myndin verið kynnt á Kynjaþingi og víðar.

Umfang, eðli og kostnaður vegna heimilisofbeldis karla í garð kvenna á Íslandi

- **Styrkþegi:** Eiríkur Örn Arnarson
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið er að rannsaka umfang, eðli og kostnað sem hlýst af því þegar karlar beita konur heimilisofbeldi. Miðað er við árin 2013 og 2014, að þolandi sé íslensk og 18 ára eða eldri þegar atvik átti sér stað og gerandi hafi þá eða áður verið sambýlismaður, unnusti eða eiginmaður eða sé barnsfaðir þolanda. Rannsókuð verða gögn sem tengjast heilbrigðisþjónustu, lögreglu og dómstólum og félagslega kerfinu. Hliðstæð rannsókn hefur ekki verið unnin á Íslandi og brýnt að kanna umfang, eðli og hve miklum fjármunum er varið í málaflokkinn.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar árið 2020 í 3. tbl. 49. árgangs *Scandinavian Journal of Public Health* og má nálgast [hér](#).

Sjálfsstyrking, valdefling og mannréttindafræðsla: Fatlað fólk og margþætt mismunur

- **Styrkþegi:** Tabú
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið námskeiðanna er að skapa öruggt rými fyrir fatlaðar konur til að deila reynslu sinni án þess að eiga á hættu gagnrýni eða stimplun. Sjónum er beint að margþættri mismunun gagnvart fötluðum konum, m.a. vegna kyns, kynþáttar, kyngervis og þess að beita aktívisma til að sporna gegn jaðarsetningu og mismunun.
- **Framvinda:** Þar sem styrkur Jafnréttissjóðs var aðeins hluti af þeirri upphæð sem sótt var um urðu verkefni umfangsminni. Þeim konum sem þegar voru virkar í Tabú var boðið á framhaldsnámskeið til dýpkunar og sjálfsstyrkingar frá ágúst til desember 2016 aðra hvora viku í tvær klukkustundir í senn. Til umræðu voru fordómar gagnvart fólki með ósýnilegar skerðingar, sjálfstætt líf fatlaðra kvenna, kynlíf og ástarsambönd, fötlun og hinseginleiki, kerfislægt ofbeldi, barneignir, örareitni og að fatlast seinna á ævinni. Þá var fötluðum konum boðið upp á vinnustofur um t.a.m. rýni lagafrumvarpa og skýrslna og að skrifa umsagnir og sækja fundi ráðamanna, undirbúning þátttöku Tabú í Druslugöngunni 2016 sem og skýrslu Vistheimilisnefndar um Kópavogshæli. Jafnframt hefur Tabú farið af stað með nokkrar virðingarvakningar á tímabilinu með það að markmiði að fræða almenning og rjúfa þögn fatlaðra kvenna auk þess að auka aðgengi breiðari hóps að heimasíðu sinni.

Jafn réttur til fæðingarorlofs, atvinnuþátttaka foreldra og umönnun barna undir þriggja ára aldri

- **Styrkþegar:** Guðný Björk Eydal og Ásdís Aðalbjörg Arnalds
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að meta langtímaáhrif laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með því að kanna

hvernig foreldrar ungra barna hafa hagað atvinnuþátttöku og umönnun barna sinna að þriggja ára aldri. Megindlegra gagna yrði aflað með netkönnun meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 2013, en þá voru liðin tíu ár frá því að feður öðluðust sjálfstæðan rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs. Langtímaáhrif laganna yrðu metin með því að bera niðurstöður könnunarinnar saman við sambærilegar mælingar meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árin 2009, 2003 og 1997.

- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar má nálgast [hér](#).

Áhrif jafnara kynjahlutfalls í starfsmannahópnum á leikskólastarfið

- **Styrkþegi:** Guðrún Alda Harðardóttir
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig áhrifa megji gæta í leikskólastarfi þar sem hlutfall karla er hátt í starfsmannahópnum. Rannsókninni er ætlað að stuðla að sterkri og jákvæðri sjálfsmynd stúlkna og pilta, svo sem með aukinni þekkingu og reynslu þeirra á kynjafræðum.
- **Framvinda:** Rannsóknin fór fram í einum leikskóla og rannsóknargögnum var safnað jafnt og þétt yfir skólaárið 2016–2017. Helstu niðurstöður sýna örugg og sjálfstæð börn óháð kyni, sem gerðu oft kynusla, í mótvægi við fjölda fyrri rannsókna sem sýna stelpur sem hlédrægar og háðar fullorðnum en stráka sem ákveðna og sjálfstæða. Frumniðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í Háskóla Íslands þann 6. október 2017 á Menntakviku Menntavísindasviðs. Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega verður rannsóknin einnig kynnt á ráðstefnum erlendis og skrifaðar greinar um hana í innlend og/eða erlend fræðirit.

Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu

- **Styrkþegar:** Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu á stöðu og þróun jafnréttismála innan starfsmannahóps embættis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, miðla þekkingunni og leggja traustan grunn að markvissri stefnumótunarvinnu í jafnréttismálum innan embættisins. Tvær megináherslur liggja til grundvallar, annars vegar kortlagning á stöðu og þróun jafnréttismála innan starfsmannahóps og hins vegar þekkingarmiðlun og hagnýting niðurstæðnanna. Fjölbreyttari gögnum verður safnað um stöðu og tækifæri kynjanna innan stofnunarinnar en áður hefur verið gert.
- **Framvinda:** Skýrsluna sem unnin var vegna rannsóknarinnar má nálgast [hér](#) og samantekt hennar [hér](#).

Kynjajafnrétti í íþróttum

- **Styrkþegi:** Hafrún Kristjánsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að gera ítarlega úttekt á stöðu jafnréttismála í íþróttum. Til afmörkunar mun rannsóknin einvörðungu skoða stöðu jafnréttismála í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu en það eru þær íþróttir sem flestir iðka á Íslandi.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í 2. tölublaði tímaritsins *Stjórnmál & stjórnsýsla* árið 2018 og má nálgast [hér](#).

Eru konur heiðarlegri en karlar eftir því sem eiginhagsmunir eru meiri?

- **Styrkþegi:** Haukur Freyr Gylfason
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að komast að því hvort konur séu almennt heiðarlegri en karlar og hvort konur séu síður óheiðarlegar en karlar eftir því sem eiginhagsmunir eru meiri. Ef rétt reynist og konur hegða sér heiðarlegar en karlar eftir því sem meira er í húfi þá rennir það enn frekari stoðum undir þá ákvörðun að jafna kynjahlutfall í stjórnnum hlutafélaga.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var unnið að tveimur fræðigreinum sem sendar yrðu til birtingar í alþjóðlega viðurkenndum tímaritum. Þá hélt hann örfyrirlestur um rannsóknina á Fyrirlestra-maræðni Háskólans í Reykjavík í apríl 2018.

Meistaránám: Námsframvinda og atvinnutækifæri á landsbyggðunum

- **Styrkþegi:** Hermína Gunnþórsdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin miðar að því að kanna hvaða meginþættir hafa áhrif á námsframvindu nemenda sem stunda meistaránám við Háskólann á Akureyri sem og atvinnutækifæri á landsbyggðinni að námi loknu. Hvað námsframvindu varðar verður kannað hvaða þættir standa helst í vegi eðlilegrar námsframvindu og hvað hamlar því að fólki takist að ljúka námi. Í því sambandi verður kynjajafnrétti útgangspunktur.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í 1. tbl. 28. árgangs *Tímarits um uppeldi og menntun* árið 2019 og má nálgast [hér](#).

Kynjabilið

- **Styrkþegi:** Iðunn Garðarsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kynjabilið hefur verið starfrækt frá mars 2015. Starfsemin fer fram á Facebook og Twitter, þar sem bent er á skýrar birtingarmyndir kynjabils í samfélaginu. Dæmi um það eru ráðstefnur þar sem karlar eru í miklum meirihluta, fréttaplutningur þar sem hallar á annað kynið, kynjahlutföll í ríkisstjórn o.s.frv. Auk þess að benda á dæmi þess að pottur sé brotinn hefur Kynjabilið verið duglegt að hrósa því sem vel er gert. Verkefnið felst í því að vakta fréttatengda umræðuþætti í ljósvakamiðlum og gera þá tölfræði sem kemur út úr þeirri vöktun aðgengilega á vefsíðu.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu var ekki skilað og framvinda verkefnisins því óþekkt. Twitter-síðu verkefnisins má þó nálgast [hér](#) en Facebook-síðan virðist hafa verið lögð niður.

Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir

- **Styrkþegi:** Jafnréttisstofa
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** „Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir“ er verkefni sem miðar að því að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla í námi og starfi. Verkefnið er bundið við Norðurland eystra vegna nálægðar Jafnréttisstofu við Háskólann á Akureyri, önnur skólastig og atvinnulíf. Þessi afmörkun gerir að verkum að auðveldara verður að halda utan um verkefnið, mæla árangur og fylgja því eftir.

Markmiðið er að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla.

- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað. Nánari umfjöllun um verkefnið má þó nálgast [hér](#).

Stelpur og tækni

- **Styrkþegi:** Háskólinn í Reykjavík
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Tækniiðnaðurinn er orðinn ein af stærstu atvinnugreinum heims og því er mikil eftirspurn eftir tæknimenntuðu fólki. Verkefninu er ætlað að vinna gegn kynbundnu starfsvali, en eins og þekkt er stuðlar kynbundið starfsval m.a. að kynbundnum launamun. Þrátt fyrir að konur séu í meirihluta háskólanemenda telja þær aðeins um þriðjung af nemendum í tæknitengdu námi á Íslandi. Verkefni þetta hefur þó fyrst og fremst það skilgreinda hlutverk að vinna gegn kynbundnu náms- og starfsvali og vinna þannig um leið gegn launamun kynjanna.
- **Framvinda:** Viðburðurinn „Stelpur og tækni“ var haldinn í fjórða sinn í Háskólanum í Reykjavík þann 27. apríl 2017 og í fyrsta sinn haldinn á landsbyggðinni, á Akureyri, Ísafirði og í Fjarðabyggð. Viðburðurinn fór þannig fram að stelpum í 9. bekk í grunnskóla var boðið á vinnusmiðjur um m.a. uppbyggingu tölvuleikja, rafmagnsrásir, félagsgervigreind og brotaþol beina. Að vinnustofunum loknum voru tæknifyrirtæki heimsótt. Þar kom það í hlut kvenna sem starfa innan fyrirtækjanna að miðla af reynslu sinni og gefa innsýn í starfsemina og þau tækifæri sem stelpum bjóðast á vinnumarkaði að loknu tækninámi. Í Reykjavík var um 400 stelpum boðið, um 170 á Akureyri og nærliggjandi sveitarfélögum, um 20 á Austurlandi og um 40 á Vestfjörðum.

Kvennalistinn.is

- **Styrkþegi:** Kristín Jónsdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Vefurinn „kvennalistinn.is“ er samfélagslegt verkefni sem hefur það að markmiði að styðja konur um allan heim í stjórnámálum og til áhrifa í samfélögum í því skyni að stuðla að því að sjónarmið og reynsla kvenna verði stefnumótandi afl við þróun þeirra. Kvennaframboðin voru einstök á heimsvísu og nutu gífurlegrar athygli og virðingar. Mikið var fjallað um þau í heimspressunni og Kvennalistakonum boðið að halda fyrirlestra víða um heim um „hina íslensku aðferð“.
- **Framvinda:** Vefurinn hefur verið formlega opnaður og hann má nálgast [hér](#).

Lögreglukynning fyrir stelpur

- **Styrkþegi:** Kríurnar – hagsmunafélag lögreglukvenna
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið snýr að kynningu á lögreglustarfinu fyrir stúlkur í framhaldsskólum landsins með það að markmiði að auka hlutfall kvenna sem velja sér þennan starfsvettvang. Lögreglukonur hérlendis eru rétt um 12% lögreglumanna en það hlutfall er langt undir því sem þekkest á öðrum Norðurlöndum. Ætlunin er að fara í alla framhaldsskóla landsins með kynningu sérsniðna að stelpum um m.a.

hvað felist í starfi lögreglukonu og mismunandi verkefnum og verkefnum innan lögreglustarfsins.

- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Tölum um ofbeldi

- **Styrkþegi:** Kvænnaathvarfið
- **Fjárhæð:** 750.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kvænnaathvarfið hefur látið gera fimm mínútna teiknimynd ætlaða börnum á aldrinum 6–12 ára um ofbeldi á heimilum. Myndin er í senn fræðslumynd um eðli heimilisofbeldis, yfirlýsing um að ábyrgð á heimilisofbeldi liggja hjá fullorðnu fólki en ekki börnum og hvatning til barna um að segja frá því þau, eða einhver sem þau þekkja, við ofbeldi á heimili. Sótt er um styrk til að fylgja myndinni eftir með heimsóknum í grunnskóla og til foreldrafélaga með fræðslufyrirlestur fyrir starfsfólk og foreldra til þess að undirbúa sýningu myndarinnar í skólum.
- **Framvinda:** Teiknimyndina má nálgast [hér](#). Styrkurinn gerði Kvænnaathvarfinu kleift að kynna myndina á landsbyggðinni og í skólum landsins.

Stafrænt ofbeldi gegn konum á Norðurlöndum

- **Styrkþegi:** Kvenréttindafélag Íslands
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin er framkvæmd í þremur löndum, Íslandi, Noregi og Danmörku, en markmið hennar er að rannsaka mismunandi birtingarmyndir stafræns ofbeldis í löndunum þremur og hvernig þolendur upplifa leitina að réttlæti vegna ofbeldisins. Rannsóknin kortleggur þær leiðir sem þolendur stafræns ofbeldis hafa farið til að leita réttar síns og markmið hennar er að skrásetja hvað virkar vel í því ferli og hvað betur má fara.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar árið 2017 í skýrslunni „*Online Violence Against Women in the Nordic Countries*“ og má nálgast [hér](#). Þá voru helstu niðurstöður rannsóknarinnar settar upp í bækling, sem nálgast má [hér](#) á íslensku.

We Should All Be Feminists

- **Styrkþegi:** Kvenréttindafélag Íslands
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Til stendur að þýða bókina „*We Should All Be Feminists*“ eftir Chimamanda Ngozi Adichie og gefa hana öllum fyrsta árs nemum í framhaldsskólum landsins, um 4300 ungmönnum. Verkefnið er að samskipti fyrirmynd en stærstu kvennasamtök Svíþjóðar, *Sveriges Kvinnolobby*, og bókaforlagið *Albert Bonniers* gáfu bókina út á sænsku og gáfu öllum nemendum á öðru ári í framhaldsskólum landsins. Bókin er stutt og hnitmiðuð. Í henni kynnir Adichie jafnréttisbaráttuna fyrir nýrri kynslóð og skilgreinir feminisma fyrir 21. öldina en bókin hefur vakið mikla athygli erlendis.
- **Framvinda:** Kvenréttindafélag Íslands afhenti skólameistara og nemendum Borgarholtsskóla bókina formlega þann 27. september 2017 til að heiðra framlag skólans til kynjafræðikennslu á öllum skólastigum. Bókin var í kjölfarið send öðrum skólum á landinu.

Nei við netnið

- **Styrkþegi:** Landsnefnd UN Women á Íslandi
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Styrkurinn verður notaður til að kosta birtingar á fræðslumyndbandi í fjölmiðlum, útvarpi og sjónvarpi, og útbúa kennslufni sem hægt verður að nota við kynningarátak í grunn- og framhaldsskólum. Samtökin vinna myndband fyrir átakið í samstarfi við Landsbankann, auglýsingastofu og Ungmennaráð UN Women á Íslandi. Markmið verkefnisins er að vekja landsmenn til vitundar um netnið og netofbeldi gegn konum og afleiðingar þess fyrir samfélög og þá sem fyrir því verða.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Úttekt á stöðu kvenna í sauðfjárrækt

- **Styrkþegi:** Landssamtök sauðfjáraþenda
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja hvar hindranir fyrir framgangi kvenna innan sauðfjárræktar liggja og koma með tillögur að kerfisbreytingum sem leiða til úrbóta og aukins jafnréttis innan greinarinnar með tilheyrandi ávinningi fyrir greinina og samfélagið í heild. Mikilvægt er að gera rannsóknir sem eru til þess fallnar að varpa skýrara ljósi á stöðu kvenna innan sauðfjárræktar og gera út frá því stefnubreytingar sem rétta við mögulegan halla.
- **Framvinda:** Fyrsta hluta úttektarinnar má nálgast [hér](#).

Kortlagning á stöðu kvenna í klassískri tónlist og djasstónlist á Íslandi

- **Styrkþegi:** Lára Rúnarsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið er tvíþætt, annars vegar að kortleggja og safna saman gögnum sem gefa sýn á stöðu kvenna í klassískri tónlist og djasstónlist á Íslandi. Má þar nefna vægi og hlutdeild tónlistarkvenna í útvarpi, sjónvarpi, dagblöðum, útgáfufyrirtækjum, félögum, nefndum og ráðum innan tónlistargeirans. Að auki yrði skoðuð kynjaskipting kennara og nemenda tónlistarskólanna á Íslandi og kynjaskipting við hljóðfæraval.
- **Framvinda:** Þegar lokaskýrslu var skilað beið styrkþegi eftir gögnum frá Íslenskri tónverkamiðstöð til þess að geta sett sín gögn í samhengi við þau. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Takmarkar internetið mannréttindavernd?

- **Styrkþegi:** María Rún Bjarnadóttir
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Megintilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort hið landamæralausa eðli internetsins hafi hamlandi áhrif á mannréttindavernd ríkja sem bundin eru af Mannréttinasáttmála Evrópu, þegar reynir á athafnaskyldu þeirra til þess að tryggja réttindi á borð við friðhelgi einkalífs og persónuvernd á netinu. Í rannsókninni er sérstaklega fjallað um álitaeftnið í samhengi við birtingu viðkvæms efnis sem einstaklingar hafa ekki samþykkt að yrði gert aðgengilegt öðrum, og þá sérstaklega um efni sem vísað hefur verið til sem hrellikláms. Leitast er við að svara spurningum um hvort athafnaskyldur ríkja til þess að

vernda mannréttindi breytist í takti við tækniþróun og hvort sjónarmið um fullveldi og hefðbundin landamæri ríkja séu í raun farin að ganga frammar mannréttindavernd í ljósi þess að internetið lýtur ekki sömu landamærum og ríki.

- **Framvinda:** Doktorsverkefninu er lokið og mun vörn þess fara fram þann 11. nóvember 2021. Þess má geta að styrkþegi vann greinargerð til stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, sem má nálgast [hér](#). Jafnframt vann styrkþegi, að tilstuðlan dómsmálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), sem má nálgast [hér](#). Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. febrúar 2021 og hefur stafrænt kynferðisofbeldi þannig sérstaklega verið gert refsivert í íslenskum rétti, sbr. nýtt ákvæði 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ós Pressan Literary Journal

- **Styrkþegi:** Ós Pressan
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að skapa rými fyrir raddir jaðarsettra rithöfunda á Íslandi. Ós Pressan varð til undir merkjum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (*UNESCO*) í tengslum við 100 ára kosningarréttarafmæli Íslenskra kvenna. Útgáfan hvílir á hugsjóninni um kynjajafnrétti (e. *gender equity*) en útgáfu á Íslandi er að mestu stýrt af körlum og er einblínt á útgáfu verka eftir innfædda Íslendinga á íslensku. Ós Pressan sameinar kvenhöfunda, hvort sem er innfædda eða ekki, og aðra jaðarsetta höfunda til að ögra ríkjandi ástandi í útgáfu og bókmenntum á Íslandi.
- **Framvinda:** Heimasíðu Ós Pressunnar má nálgast [hér](#).

Go for No – Tackling gender-based discrimination within the geothermal industry

- **Styrkþegi:** Pétur Skúlason Waldorff
- **Fjárhæð:** 10.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Til stendur að framleiða heimildarmynd til vitundarvakningar um mismunun á grundvelli kyns innan jarðhitaiðnaðarins. Í myndinni verða frásagnir kvenna um árangur í starfi í ólíkum hlutum heimsins, þvert á menningu og hagkerfi. Konurnar frá hverju landi eiga það sameiginlegt að vinna á sviði jarðhita og því hámenntaðar og hæfar á sviði sem jafnan er karllægt.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Opinberlega – Ratatam

- **Styrkþegi:** Ratatam
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að framleiða 10–15 leikin myndskreið sem eru stutt, hnitmiðuð og dreifast á samfélagsmiðla og eiga það sameiginlegt að ná til einstaklinga á aldrinum 18–34 ára sem eru í meira mæli á samfélagsmiðlum og hafa minni tilhneigingu til að halda athygli yfir efni með innihaldi á netmiðlum þar sem áreiti er stöðugt. Atburðir myndskreiðanna eru mörg hver byggð á raunverulegum atburðum úr íslenskum veruleika.

- **Framvinda:** Þar sem ekki náðist að fjármagna verkefnið að fullu voru framleidd þrjú myndbönd. Samkvæmt lokaskýrslu var stefnt að því að koma myndböndunum í umferð á netinu haustið 2018.

Ofbeldi gegn konum: Þáttur erfða og lífeðlislegra ferla í heilsufari þolenda til langframa

- **Styrkþegi:** Rebekka Sigrún D Lynch
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin er doktorsverkefni í lýðheilsuvísindum við læknadeild Háskóla Íslands. Meginmarkmið verkefnisins er að öðlast betri skilning á afleiðingum ofbeldis og því lífeðlisfræðilega ferli sem er hrint af stað í þolandanum við ofbeldi. Vonin er að með betri þekkingu getum við bæði bætt heilbrigðisþjónustu við þolendur ofbeldis og jafnframt komið í veg fyrir alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar með réttum forvörnum.
- **Framvinda:** Doktorsverkefninu var ekki lokið við skil lokaskýrslu en miðaði vel áfram. Að öðru leyti er framvinda þess óþekkt.

Reynsla kvenna af áfengis- og vímuefna meðferð. Saga, upplifun og árangur – sjónarhorn þjónustuþega

- **Styrkþegi:** RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið rannsóknarinnar er að skoða reynslu kvenna af vímuefna meðferð hér á landi með tilliti til líðanar og öryggis í meðferð, árangurs meðferðarinnar og úrræða í boði. Undirmarkmið er að skoða sögu kvennanna með sérstöku tilliti til erfiðra upplifana í æsku og hvort þær eigi sögu um ofbeldi í nánnum samböndum. Nálgunin í rannsókninni er þverfræðileg og verður leitast við að nýta ólíkar rannsóknaraðferðir og áherslur til að bæta þekkingu á sértækum vanda kvenna í meðferð.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var stefnt að því að niðurstöður rannsóknarinnar yrðu birtar í grein í árslok 2018. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Kvenna-vinna: Að búa til verðskulduð atvinnutækifæri fyrir kvenkyns innflytjendur

- **Styrkþegar:** Vinnuálastofnun, Háskólinn á Akureyri og Alþjóðastofa Akureyrar
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að finna fyrirstöðu og galla til að greina hvernig og hvers vegna konur af erlendum uppruna lenda í og haldast í störfum sem eru undir þeirra getu og kunnáttu sem jafnframt er greitt minna fyrir. Með verkefninu verður stuðningsþjónusta þróuð í því skyni að bjóða upp á aðstoð og ráðleggingar til samþættingar á vinnumarkaði kvenna sem og til að stuðla að viðurkenningu á menntun erlendis frá. Þá verður konum af erlendum uppruna komið í tengsl við svæðisbundna framkvæmdaaðila og atvinnurekendur.
- **Framvinda:** Tekin voru viðtöl við átta konur af erlendum uppruna á Norðurlandi sem telja sig innflytjendur, með formlega menntun og í starfi sem ekki hentar menntun þeirra. Eftir greiningu á viðtölunum var skrifuð grein sem birt var í 1. tbl. 13. árgangs veftímaritsins *Nordicum-*

Mediterraneum og má nálgast [hér](#). Niðurstöður rannsóknarinnar voru jafnframt kynntar á hinum ýmsu ráðstefnum hérlendis og erlendis.

Gegn mansali - samvinna yfir landamæri

- **Styrkþegar:** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg og Starfsgreinasamband Íslands
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að auka þekkingu hér á landi á mansali, miðla þeirri vinnu sem unnin hefur verið síðustu tvö árin og styrkja tengsl við erlenda aðila til að auðvelda samstarf í framtíðinni. Sótt er um styrk til að koma á fundi með norrænum samstarfsaðilum innan verkalýðshreyfingarinnar, löggæslunnar og félagsþjónustunnar. Verkefnið fjallar um að búa til norrænan vettvang fyrir þessa aðila til að hittast og fá upplýsingar um bestu aðferðirnar á hverjum stað til að berjast gegn mansali.
- **Framvinda:** Í nóvember 2016 var skipulögð fræðsluferð til Kaupmannahafnar og Málmeyjar með fulltrúum þeirra sem sóttu um styrkinn auk fulltrúa velferðarráðuneytisins og Alþýðusambands Íslands. Upplýsinga sem aflað var í ferðinni hafa nýst í áframhaldandi fræðslustarf hérlendis, sérstaklega hvað varðar skipulagða glæpastarfsemi í mansalsmálum bæði á vinnumarkaði og í vændi. Þá var nokkrum þeirra sem fulltrúarnir áttu samtál við í ferðinni boðið til ráðstefnu sem haldin var á Íslandi þann 14. september 2017 undir yfirskriftinni „Þrælalald nútímans“. Fyrirlesarar voru erlendir sérfræðingar en fullbókað var á ráðstefnuna og áætlað að um 180 manns hafi sótt hana. Af skráningunni má dæma að þau sem sóttu ráðstefnuna hafi aðallega komið úr stjórnsýslunni og frá félagasamtökum.

Rannsókn á stöðu kynjanna í sviðslistum

- **Styrkþegar:** Sviðslistasamband Íslands og RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Fjölmargar vísbendingar eru um kynjahalla innan sviðslista á Íslandi og færa má fyrir því rök að innsýn inn í stöðu kynjanna í greininni geti gefið til kynna hvernig megi vinna að umbótum í því skyni að leiðrétta hallann. Skoða þarf hvort og þá með hvaða hætti halli á karla annars vegar og konur hins vegar og greina undirliggjandi orsakir og áhrifaþætti. Rannsóknin er tilkomin að ósk fagfélaga innan Sviðslistasambands Íslands.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar í skýrslunni „Einelti og áreitni í starfsumhverfi sviðslista“ og má nálgast [hér](#).

Rannsóknarrit

- **Styrkþegi:** Sögufélag
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Vinna við rannsóknarrit um þróun kosningaréttar, lýðræðis og jafnréttis á Íslandi.
- **Framvinda:** Bókin *Konur sem kjósa* var gefin út árið 2020.

Skuggakosningar í Hafnarfirði

- **Styrkþegi:** Ungmennaráð Hafnarfjarðar
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.

- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið gengur út á það að virkja ungmenni til þátttöku í lýðræði með því að halda svokallaðar „skuggakosningar“ við framhaldsskóla í Hafnarfjarðarbæ og mögulega einnig við unglinga-deildir grunnskólanna. Fyrirmynd skuggakosninganna er módel sem Norðmenn hafa nýtt sér frá 1989 til þess að virkja og kveikja áhuga ungmenna í framhaldsskólum til þátttöku í lýðræði. Til þess að kynna ferli lýðræðisins og kosninga fyrir ungmönnum myndu ungliðahreyfingar stjórnmalaflokkanna mæta í framhaldsskólana.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Girls in Parliaments

- **Styrkþegi:** Women in Parliaments Global Forum
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** *Women in Parliaments Global Forum (WIP)* vinnur að því að virkja kvenkyns þingmenn þjóðþinga til að hýsa hóp stúlkna á dögum *Girls in Parliaments* í tilefni Alþjóðadags stúlkubarnsins þann 11. október 2016. Ætlunin var að valdefla ungar konur til að auka þátttöku þeirra í félags-, efnahags- og stjórnmalalífi með því að koma þeim í samband við kvenkyns þingmenn þjóðþings síns. Verkefnið myndi gera þátttakendum kleift að læra um löggjafarstarf þingmanna og rétt þeirra til að taka þátt í ákvarðanatöku.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

4.2 Styrkveitingar 2017



Women's empowerment: support network for female migrants in Iceland

- **Styrkþegi:** Anna Wojtynska
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Heimilisofbeldi er algengasta birtingarmynd ofbeldis gegn konum á heimsvísu og hefur skelfilegar afleiðingar bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Verkefnið beinist að pólskum konum á Íslandi sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi. Það tvinnar saman samfélagsvinnu, listræna sköpun og mannfræðirannsóknir. Með vinnustofum yrði þólandum boðin aðstoð auk þess sem skipulagðir yrðu viðburðir til að hafa víðtæk samfélagsleg áhrif. Meginmarkmið verkefnisins var að sjá pólskum konum fyrir stuðningsneti og gera þeim kleift að komast út úr ofbeldisfullum samböndum. Stuðningshópar geta reynst konum tilfinningalega dýrmætir og kunna einnig að verða til þess að þær aðstoði fleiri við að bregðast við ofbeldi.
- **Framvinda:** Opið hús var á þriðjudögum í samstarfi við Bjarkarhlíð fyrir pólskar konur sem höfðu orðið fyrir heimilisofbeldi. Þá voru skipulagðar vinnustofur fyrir konurnar á borð við listmeðferð, jóga og sjálfsvörn. Mæting var góð á hvort tveggja.

Íslenskar lausnir og alþjóðleg tækifæri – Þátttaka karla á vettvangi jafnréttismála

- **Styrkþegi:** Arnar Gíslason
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Ísland hefur skapað sér talsverða sérstöðu á alþjóðavettvangi þegar kemur að árangri í jafnréttismálum. Þar má nefna stöðu Íslands efst á heimlista *World Economic Forum* undanfarin ár, þar sem jafnrétti kynjanna er mælt, og þá verðskulduðu athygli sem hið íslenska kvennafrí og áætlanir um jafnlaunavottun hafa vakið. Ísland hefur einnig vakið athygli fyrir þær aðferðir sem beitt hefur verið til að virkja karla á vettvangi jafnréttismála. Þar má nefna fæðingarorlof feðra, rakarastofuráðstefnu Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og metþátttöku íslenskra karla í „HeForShe-átaki“ *UN Women*. Þá hefur þátttaka karla birst með ýmsum öðrum hætti á Íslandi og því gagnlegt að

skoða þær aðferðir vandlega og hvernig hefur til tekist. Markmið þessa verkefnis er að bæta við þekkingu um þátttöku karla í jafnréttismálum, skoða hvernig framkvæmdin hefur verið, finna hagnýtar leiðir til að styðja við þessa þróun og kanna möguleika á nýtingu íslenskra lausna á alþjóðavettvangi. Enn fremur að gera grein fyrir þeim hröðu breytingum sem orðið hafa á vettvangi jafnréttismála þegar kemur að áherslu á karla og jafnrétti og á aukna þátttöku karla og aðkomu þeirra að umræðu um jafnréttismál.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var gert ráð fyrir að grein um niðurstöður verkefnisins yrði tilbúin til birtingar í janúar 2019. Að öðru leyti er framvinda þess óþekkt.

Independent women? Social class and social policy after the gender revolution in the West

- **Styrkþegi:** Berglind Hólm Ragnarsdóttir
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Doktorsverkefnið er meginmarkmið samanburðarrannsókn á yfir 20 löndum þar sem meginmarkmið rannsóknarinnar eru tvíþætt: annars vegar að rannsaka stéttaskiptingu meðal kvenna á Vesturlöndum og hins vegar að kanna áhrif fjölskyldustefnu 22 landa á stéttaskiptingu kvenna og jafnrétti kynjanna. Óskað var eftir styrk til þess að kynna niðurstöður fyrri hluta doktorsverkefnisins með greinarskrifum og ráðstefnuerindum og til gagnaöflunar fyrir seinni hluta rannsóknarinnar. Í fyrri hlutanum eru algengar mælingar á kynjajafnrétti eftir stéttastöðu fólks (s.s. atvinnuþátttöku kynjanna, hlutfalli kvenna og karla í hlutastarfi og launamun kynjanna) bornar saman í 22 löndum. Til að fá enn betri skilning á fjárhagslegu sjálfstæði kvenna í þessum löndum átti jafnframt að skoða hversu háðar konur væru mökum sínum. Fjárhagslegt sjálfstæði er mælt á tvo vegu, annars vegar sem hlutfall tekna kvenna af heimilistekjum og hins vegar með því að mæla líkurnar á því að konur lendi undir fátæktarmörkum við skilnað eða dauðsfall maka.
- **Framvinda:** Niðurstöður úr fyrri hluta verkefnisins voru kynntar á þremur mismunandi ráðstefnum í Bandaríkjunum og birtar í fræðigreini sem nefnist *Revisiting Traditional Analysis of Within-Couple Inequality: A New Measure of Economic Vulnerability*. Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var greinin á leið í birtingu í samráði við leiðbeinanda. Gagnaöflun fyrir seinni hluta verkefnisins hefur jafnframt lokið.

Virgni, val og skyldur foreldra á íslenskum menntavettvangi: Samspil kyns og félagsstöðu

- **Styrkþegi:** Auður Magnús Auðardóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina með markvissum hætti hvernig vinna mæðra og feðra birtist varðandi heimanám, tengsl við kennara og starfsfólk skóla, tómsundur barna og tilfinninga- og félagslega þætti sem upp koma hjá börnunum. Með menntavettvangi er átt við skólastarf á yngra stigi og miðstigi grunnskóla, frístundir og tómsundur sem gjarnan taka við að skóladegi loknum. Jafnvel á Norðurlöndum þar sem jafnrétti kynja er talið með allra besta móti leggjast foreldraskyldur enn ójafnt á mæður og feður. Mæður bera mun meiri ábyrgð á uppeldi, aðstoð við heimanám og samskipti við skóla barna sinna heldur en feður. Þær finna fyrir meiri þrýstingi en eru misjafnlega í stakk búna til að takast á við þennan þrýsting og þann félagslega veruleika sem mætir þeim þegar

grunnskólaganga barna þeirra hefst. Á sama tíma sýna rannsóknir að einstæðir feður eiga oft erfitt með að uppfylla foreldraskyldur sínar.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega voru tekin viðtöl við 14 feður og 33 mæður, og frumniðurstöður úrvinnslu þeirra kynntar á ráðstefnum bæði hérlandis og erlendis. Fyrstu fræðigreinar verkefnisins voru í vinnslu og stefnt að birtingu árið 2018.

Umfang, eðli og kostnaður vegna heimilisofbeldis karla í garð kvenna á Íslandi

- **Styrkþegi:** Drífa Jónasdóttir
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið er að rannsaka umfang, eðli og kostnað, sem hlýst af þegar karlar beita konur heimilisofbeldi. Heildstætt mat á umfangi, eðli og kostnaði vegna heimilisofbeldis karla í garð kvenna hefur enn ekki verið unnið hér á landi og rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á þá þætti. Niðurstöður rannsóknar koma til með að hafa mikið og breitt vísindalegt gildi. Niðurstöðurnar munu efla vísindaumhverfi á sviði heimilisofbeldis, auk þess að skapa betri grundvöll til markvissari og upplýstari ákvarðanatöku stjórnvalda og fagaðila í tengslum við heimilisofbeldi. Vonast er til að niðurstöður rannsóknar verði hagnýttar í vinnu við að sporna gegn heimilisofbeldi og þar með að jafna hlut kynjanna.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar árið 2020 í 3. tbl. 49. árgangs *Scandinavian Journal of Public Health* og má nálgast [hér](#).

Gender differences in violence exposure, outcomes and service utilization in the Icelandic population

- **Styrkþegi:** Edda Björk Þórðardóttir
- **Fjárhæð:** 3.300.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin mun veita mikilvægar upplýsingar um ævi og 12 mánaða algengi líkamlegs ofbeldis (t.d. heimilisofbeldis) og kynferðislegt ofbeldi (skilgreint sem fullframin nauðgun, tilraun til nauðgunar eða ósamþykkt kynferðisleg snerting) meðal fullorðinna Íslendinga. Rannsóknin mun jafnframt auka þekkingu á nýtingu þjónustu með tilliti til kyns. Rannsóknin miðar að því að auka þekkingu um afleiðingar ofbeldis á andlega og líkamlega heilsu með tilliti til kyns.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var skrifum tveggja fræðigreina um niðurstöður rannsóknarinnar lokið og þær sendar til birtingar í tímaritinu *European Journal of Public Health*. Stefnt var að því að klára þriðju greinina í ágúst mánuði 2018.

KÍTÓN nótnabók – Sönglög eftir íslenskar konur

- **Styrkþegi:** KÍTÓN – Félag kvenna í tónlist á Íslandi
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** KÍTÓN stefnir á útgáfu nýrrar nótnabókar með sígildum og þekktum íslenskum dægurlögum aðeins eftir konur. Mikill skortur virðist vera á aðgengilegu efni á borð við nótur og útsetningar af tónlist kvenna á Íslandi og engin nótnabók aðeins með efni eftir íslenska kvenhöfunda hefur verið gefin út. KÍTÓN mun bæta úr þessu með útgáfu þessarar nótnabókar. Stefnt var að því að koma bókinni í dreifingu í alla grunnskóla landsins svo börn og unglingar gætu haft greiðan aðgang að lagasafninu sér til lærdóms og leiks. Markmið KÍTÓN er jafnframt að auka sýnileika og aðgengileika laga eftir íslenska kvenhöfunda og þar með stuðla að frekara jafnrétti í útgáfu tónlistar á Íslandi.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var stefnt að útgáfu nótnabókarinnar á afmælisdegi KÍTÓN þann 2. desember 2018, auk þess að gefa öllum grunnskólum og tónlistarskólum landsins eintak til afnota. Jafnframt var stefnt að því að bókin yrði aðgengileg öllum á netinu.

Námskeið um jafnrétti og loftslagsbreytingar í Úganda

- **Styrkþegi:** Erla Hlín Hjálmarsdóttir
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið byggir á námskeiðum sem mótuð voru og framkvæmd á árunum 2011–2013 í samvinnu við samstarfsaðila í Úganda og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Árangurinn af námskeiðunum var umtalsverður. Árið 2015 sendu stjórnvöld í Úganda beiðni til Þróunarsamvinnustofnunar um áframhaldandi samstarf, sem ekki hefur reynst unnt að bregðast við. Tilgangur verkefnisins er að bregðast við beiðninni og byggja á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram, þ. á m. kennsluefni sem búið var til fyrir námskeiðin. Meginmarkmið verkefnis er að vekja þátttakendur til meðvitundar um jafnréttis- og loftslagsmál og byggja upp getu á því sviði í Úganda. Samkvæmt umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna er getuuppbygging fyrsta skrefið til að samþætta jafnréttismál í stefnu og verkefnum sem tengjast loftslagsmálum, bæði þeim sem miða að því að bregðast við áhrifum loftslagsbreytinga og þeim sem miða að því að koma í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar. Verkefnið styður sér í lagi við tvö heimsmarkmiðanna, annars vegar við hið fimmta sem snýr að jafnrétti kynjanna og hins vegar við hið þrettánda sem miðar að verndun jarðarinnar.
- **Framvinda:** Styrkur hlaust fyrir tæplega 10% þeirrar upphæðar sem sótt var um. Samkvæmt lokaskýrslu fékk styrkþegi því mótframlag frá UNU-GEST og stefnt var að því að halda námskeiðið í nóvember 2018.

Norræn ráðstefna um mál og kyn

- **Styrkþegi:** Finnur Friðriksson
- **Fjárhæð:** 750.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Ráðstefnan *Språk och kön* (Mál og kyn) yrði haldin við Háskólann á Akureyri í október 2017 á vegum norræns tengslanets um rannsóknir á sviði máls og kyns. Ráðstefnan hefur að jafnaði verið haldin árlega síðan 1991 við hina ýmsu háskóla á hinum Norðurlöndunum en aldrei á Íslandi. Það má ekki síst rekja til þess að því rannsóknarsviði sem hér um ræðir hefur, með örfáum undantekningum, ekkert verið sinnt í íslensku samhengi þrátt fyrir að það hafi farið ört vaxandi síðustu þrjá áratugin eða svo á alþjóðlegum vettvangi. Það var von styrkþega að ráðstefnan við Háskólann á Akureyri haustið 2017 yrði eins konar stökkpallur íslenskra málfræðinga og fræðafólks á skyldum sviðum að öflugum rannsóknum á sviðinu næstu árin.
- **Framvinda:** Ráðstefnan var haldin við Háskólann á Akureyri dagana 20.–21. október 2017. Hana sóttu um 80 manns og á henni voru flutt um 40 erindi um ýmsar hliðar samspilsins á milli tungumáls og kyns. Ráðstefnan var að þessu sinni óvenju alþjóðleg í þeim skilningi að hana sótti drjúgur hópur fræðafólks frá Bandaríkjunum og ýmsum Evrópulöndum utan Norðurlandanna, s.s. Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi. Íslenska málstofan „Kynsegin íslenska“ vakti talsverða athygli fjölmiðla og umfjöllunarefni hennar varð kveikja nokkurrar umræðu um notkun persónufornafnsins „hán“ í íslensku og hvernig hefðbundið kynjakerfi í íslensku getur á ýmsan hátt verið hamlandi í umræðu um fólk og málefni. Styrkurinn hafði úrslitaáhrif á það að hægt var að stilla

ráðstefnugjaldi í hóf, sem hafði veruleg áhrif á að blær ráðstefnunnar varð eins alþjóðlegur og raun ber vitni.

Jafnrétti og efnahagslegur veruleiki – Kynjavísitala á skráðum markaði

- **Styrkþegi:** Freyja Vilborg Þórarinsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Megintilgangur verkefnisins er að þróa og móta mælistiku á jafnrétti meðal skráðra félaga á íslenskum markaði, þannig að betur sé hægt að greina þróun jafnréttismála, bæði í samhengi við stöðu efnahagsmála og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, með það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna á íslenskum markaði og alþjóðavísu. Ætlunin var að móta vísitölu (e. *Index*), sem yrði birtingarform á stöðu jafnréttis á íslenskum markaði og yrði uppfærð með reglubundnum hætti og birt opinberlega ásamt skýringum á stöðunni hverju sinni. Verkefnið lýtur nánar tiltekið að því að hafa sýnilegt eftirlit með kynjahlutföllum í áhrifastöðum hjá skráðum félögum á markaði, og þeim breytum sem taldar eru mikilvægar í að skilgreina jafnrétti á íslenskum markaði, sem hefðu vægi í vísitölunni.
- **Framvinda:** Mótaðar voru tvær vísitölur sem eiga að varpa ljósi á raunveruleg áhrif kvenna á ákvörðunartöku á skráðum markaði með einkunnum og mismunandi litasamsetningum eftir kynjahlutföllum í áhrifastöðum, með það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Kynjakvarðinn Gemmaq hefur verið birtur á keldan.is. Nánar má lesa um kvarðann [hér](#) á heimasíðu GEMMAQ.

Ungt fólk, klám og ofbeldi

- **Styrkþegi:** Guðbjörg Hildur Kolbeins
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Á árunum 2004–2006 lét Norræna ráðherranefndin, að frumkvæði jafnréttismálaráðherra Danmerkur, rannsaka klámnotkun ungmenna á öllum Norðurlöndunum. Hér á landi lagði styrkþegi rafræna könnun fyrir 14–18 ára unglunga valda með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Rannsóknin fór fram í nóvember 2005 og birtust niðurstöðurnar í tveimur bókarköflum. Vorið 2006 voru spurningalistar síðan lagðir fyrir nemendur í sex framhaldsskólum á landinu af nemendum við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands undir umsjón umsækjanda. Í ljósi þeirra miklu tækni- og samfélagslegu breytinga sem átt hafa sér stað síðasta áratuginn er það megintilgangur þessa rannsóknarverkefnis að endurtaka fyrri rannsóknir á klámnotkun unglunga og ungs fólks með það í huga að fá samanburð milli rannsókna árin 2005, 2006 og 2016 en jafnframt til að fá nýjar upplýsingar um persónulega miðlun ungmenna á kynferðislegu efni og um tengsl klámnotkunar við kynlífshegðun þeirra og viðhorfa til kláms og kynlífs.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Sjálfsmynd 19. aldar skáldkvenna og glíman við hefðina

- **Styrkþegi:** Guðrún Ingólfsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Með rannsókninni var ætlunin að draga fram í dagsljósið skáldkonur frá 19. öld sem hafa ekki enn fengið rödd á opinberum vettvangi. Frá fyrri tíð er afar lítið varðveitt af skáldskap kvenna. Það er ekki fyrr en á 19. öld að konur tjá tilfinningar sínar í

skáldskap í auknum mæli. Fimm skáldkonur gáfu út ljóðabækur á 19. öld og fáeinar aðrar sáu ljóð eftir sig á prenti. Mikið af skáldskap kvenna frá 19. öld er hins vegar varðveitt í handritum og lítt aðgengilegt almenningi. Megintilgangurinn með rannsókninni er að birta og greina nákvæmlega úrval af kveðskap kvenna frá 19. öld, m.a. í leit að sjálfsmynd þeirra. Hér verður stuðst við rannsóknir fræðimanna á frelsishugmyndum kvenna á 19. öld og félagslegum veruleika þeirra, en einnig verða skáldkonurnar látnar tala máli sínu sjálfar.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega voru bókar skrifin komin vel á veg en áætlað að verkið tæki a.m.k. þrjú ár.

Huldukonur: Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960

- **Styrkþegi:** Íris Ellenberger
- **Fjárhæð:** 8.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið snýst um að afla heimilda um hinsegin kynverund kvenna á tímabilinu 1700–1960. Með hinsegin kynverund er átt við hvers kyns ástir, eróttík og kynferðislegar þrjár sem eru óhefðbundnar og falla ekki að gagnkynhneigðum viðmiðum. Markmiðið er þannig að leita að heimildum um ástir, nána vináttu og kynferðisleg sambönd kvenna, t.d. um sambúð tveggja eða fleiri fullorðinna kvenna, tilfinningarík samskipti og kynlíf en einnig um hegðun og útlit sem þótti karlmannlegt á sínum tíma og getur verið vísbending um hinsegin kynverund. Þeir heimildaflokkar sem yrðu skoðaðir eru persónulegar heimildir á borð við bréfasöfn, dagbækur og æviminningar kvenna, útgefin og óútgefin skáldverk eftir konur, manntöl og ýmsar heimildir sem bera opinberri orðræðu vitni, t.d. tímarit, dagblöð og læknisfræðirit. Loks verða tekin 25 viðtöl, annars vegar við elstu kynslóð lesbía á Íslandi og hins vegar við fólk sem býr yfir upplýsingum um hinsegin kynverund kvenna á tímabilinu.
- **Framvinda:** Afrakstur heimildasöfnunarverkefnisins er birtur á vefsíðunni huldukonur.is.

Alþjóðleg ráðstefna: Landamærapólítík, þjóðernishyggja og femínismi

- **Styrkþegi:** RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Um er að ræða þriggja daga norræna ráðstefnu á sviði kynjafræða sem haldin yrði á Íslandi í maí 2018 en áætlaður þátttökufjöldi var um 300 manns. Yfirskrift ráðstefnunnar er *Border Regimes, Territorial Discourses and Feminist Politics* og rýnt yrði í raunveruleg og táknað landamæri á tímum endurvakinnar þjóðernishyggju. Hvers konar pólítískum, menningarlegum og félagslegum landamærum er verið að koma á fót og/eða endurskapa? Hvernig móta og kyngera landamæraríki, í nútíð og þátíð, samskipti og sambönd? Hvernig hafa ný eða endurskilgreind mörk áhrif á baráttu fyrir félagslegu réttlæti og hvernig takast kynja-, hinsegin og femínískar rannsóknir á við þau? Hvað býr að baki afturhvarfi til svæðishyggju frá alþjóðahyggju? Hvernig geta femínistar varist endurkomu föðurlegra hugmynda um umhyggju sem endurvekja og tvíefla misrétti? Lykilhugtök ráðstefnunnar eru þjóðernishyggja, popúlismi, landamæri, mörk, femínísk gagnrýni, afnýlendun (e. *decolonialism*), afnýlenduæðing (e. *decoloniality*), sérstöðuhyggja, samtvinnun mismunarbreyta,

frumbyggjar, aðlögun, fólksflutningar, húmaníslismi, líkamar, svæðispolitík, karlmennska, kynverund, kynþáttur, rasismi og andóf.

- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Kvennalistinn.is

- **Styrkþegi:** Kristín Jónsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kvennaframboð og Kvennalisti brutu blað í íslenskri kvenna- og stjórnmalasögu. Framboðin komu með nýjar pólitískar áherslur, breyttu orðræðunni og styrktu sjálfsmynd kvenna. Framboðin eru einstök á heimsvísu og nutu gífurlegrar athygli. Mikið var fjallað um þau í heimspressunni og tugum kvennalistakvenna boðið að halda fyrirlestra víða um heim. Framboðin eru einu kvennahreyfingarnar í heiminum svo vitað sé sem hafa fengið kjörna fulltrúa á þjóðþing og í sveitarstjórnir. Kvennalistinn var einstakur og hafði mikil áhrif á stjórnmaláumræðuna og stöðu kvenna á Íslandi. Hann kom málefnum kvenna, sem höfðu verið á jaðrinum, inn á miðjuna. Það er mikilvægt að sögu þessa merkilega íslenska stjórnmalaafls sé haldið til haga með því að geyma nær öll gögn framboðanna á rafrænu formi og hafa þau aðgengileg fyrir alla í vefumhverfi.
- **Framvinda:** Vefurinn hefur verið formlega opnaður og hann má nálgast [hér](#).

Fræðslumyndbönd um kynjuð fjármál – Samstarfsverkefni ríkis og borgar

- **Styrkþegar:** Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Reykjavíkurborg
- **Fjárhæð:** 900.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Í nýjum lögum um opinber fjármál hafa kynjuð fjármál verið lögfest á Íslandi og í reglum um gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hafa þau verið samþætt við hefðbundna verkferla. Það er því ljóst að bæði ríki og borg er alvara með innleiðingu kynjaðra fjármála og verklagið komið til að vera. Það sem hefur vantað frá upphafi á báðum stöðum eru annars vegar áhugaverð íslensk raundæmi sem setja hlutina í samhengi og hins vegar fræðsluefni um það hvað kynjuð fjármál ganga út á. Mikill tímasparnaður myndi felast í því að koma fræðslu út á rafrænan hátt. Með gerð stuttra kynningarmyndbanda, annars vegar um aðferðina og tilgang hennar og hins vegar kynningu á árangursríkum raundæmum, er hægt að koma tilganginum til skila með einföldum, skýrum og hnyttum hætti. Markmið verkefnisins er að búa til aðgengileg og skemmtileg kynningarmyndbönd um kynjuð fjármál. Leikið verður að orðum og myndum til að koma skilaboðum áleiðis á skýran og markvissan hátt.
- **Framvinda:** Myndbandið má nálgast [hér](#).

Jafnrétti á vinnumarkaði – jafnlaunareglan og bann við mismunun í kjörum og starfi

- **Styrkþegi:** Maj Britt Hjördís Briem
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að gefa greinargóða mynd af lagaákvæðum íslensks réttar sem tryggja eiga launajafnrétti á íslenskum vinnumarkaði. Til þess að ná því markmiði verða ákvæðin skoðuð með hliðsjón af túlkun innlendra og erlendra úrskurðaraðila á inntaki þeirra. Að lokinni slíkri greiningu getur höfundur tekið afstöðu til

Þess hvort þeim sé beitt með réttum hætti í íslenskum rétti, til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar og samræmda EES-túlkun.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu var stefnt á að öllum verkþáttum þessa styrks og styrks sama styrkþega frá árinu 2018 yrði lokið í júní 2018. Jafnframt yrði skrifuð grein um niðurstöður rannsóknarinnar fyrir árslok 2018.

Takmarkar internetið mannréttindavernd?

- **Styrkþegi:** María Rún Bjarnadóttir
- **Fjárhæð:** 3.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Megintilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort hið landamæralausa eðli internetsins hafi hamlandi áhrif á mannréttindavernd ríkja sem bundin eru af Mannréttinasáttmála Evrópu, þegar reynir á athafnaskyldu þeirra til þess að tryggja réttindi á borð við friðhelgi einkalífs og persónuvernd á netinu. Í rannsókninni er sérstaklega fjallað um álitaeefnið í samhengi við birtingu viðkvæms efnis sem einstaklingar hafa ekki samþykkt að yrði gert aðgengilegt öðrum, og þá sérstaklega um efni sem vísað hefur verið til sem hrellikláms. Leitast er við að svara spurningum um hvort athafnaskyldur ríkja til þess að vernda mannréttindi breytist í takti við tækniþróun og hvort sjónarmið um fullveldi og hefðbundin landamæri ríkja séu í raun farin að ganga framár mannréttindavernd í ljósi þess að internetið lýtur ekki sömu landamærum og ríki.
- **Framvinda:** Doktorsverkefninu er lokið og mun vörn þess fara fram þann 11. nóvember 2021. Þess má geta að styrkþegi vann greinargerð til stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, sem má nálgast [hér](#). Jafnframt vann styrkþegi, að tilstuðlan dómsmálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), sem má nálgast [hér](#). Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. febrúar 2021 og hefur stafrænt kynferðisofbeldi þannig sérstaklega verið gert refsivert í íslenskum rétti, sbr. nýtt ákvæði 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gender Focused Value Chain Development of Aquaculture in Gaza Province, Mozambique

- **Styrkþegi:** Pétur Skúlason Waldorff
- **Fjárhæð:** 3.600.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið felur í sér að hanna virðiskeðju (e. *value chain*) fyrir fiskeldisframtak á svæði sem hefur verið kallað „Terra Morta“ eða „land dauðans“ í Gaza í Mósambík. Svæðið hentar ekki fyrir landbúnaðarframleiðslu þar sem jörðin er mjög sölt en rannsóknir hafa sýnt að fiskeldi henti svæðinu vel. Framtakið lofar því efnahagslegum ávinningi, enda hefur svæðið hingað til verið talið „dautt“, bæði hvað varðar landbúnað og efnahag.

Virðing er töff!

- **Styrkþegi:** Bjarkarhlíð og Kvennaathvarfið
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að auka virðingu og jafnrétti í nánnum samböndum ungs fólks og þannig fyrirbyggja ofbeldi. Mikilvægt er að umræðan um heilbrigð sambönd nái til allra óháð kynvitund, kynhneigð, kynþætti, fötlun og trúarbrögðum. Stefnt er að því að ungt

fólk fái skilaboð og skilning á mikilvægi þess að virðing og jafnrétti ríki í nánnum samskiptum og verkfæri til að þess að treysta innsæi sínu og tilfinningum ef það upplifir óöryggi og ofbeldi. Styrknum er ætlað að útbúa fræðsluefni sem nær til ungs fólks með skilvirkum hætti. Þar sem líf ungs fólks er að stórum hluta tengt hinum ýmsu samfélagsmiðlum er fræðslunni ætlað vera sýnileg á þeim vettvangi og víðar.

- **Framvinda:** Myndbandsherferðinni „Þekktu rauðu ljósin“ var hleypt af stokkunum í júní 2018. Hún samanstendur af frásögnum fimm kvenna sem hafa unnið sig frá ofbeldissambandi en framsetning þeirra er með þeim hætti að skilaboð um viðvörunarmerkin koma skýrt fram. Hluti myndbandanna var sýndur á málþinginu „Ofbeldi sem kerfið lítur framhjá og ósýnileiki gerenda“ þann 6. júní 2018 en í kjölfarið var ráðist í vitundarvakningu á samfélagsmiðlum um rauðu ljósin og hvernig beri að þekkja viðvörunarmerkin og bregðast við þeim. Myndböndin eru aðgengileg á Youtube-síðunni [Rauðu ljósin](#) en þess má geta að átta myndbönd bættust við í mars 2021.

Ógiftar konur í hópi vesturfara í ljósi ljósmynda og annarra nýrra heimilda

- **Styrkþegi:** Sigríður Matthíasdóttir
- **Fjárhæð:** 3.100.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Á tímabilinu 1820–1930 fluttust um 2,9 milljónir manna frá Norðurlöndunum til Bandaríkjanna og Kanada, þar af um 23% íslensku þjóðarinnar á árunum 1870–1914. Frá Norðurlöndunum voru karlar yfirleitt í meirihluta útflytjenda en frá Íslandi voru konur 50,7% útflytjenda. Flókið er að finna nákvæmt hlutfall ógiftra kvenna af þessum hópi en gera má ráð fyrir því að það sé hátt þar sem hlutfall ógiftra kvenna á Íslandi var almennt hátt. Þrátt fyrir þetta hefur saga íslenskra vesturfara mjög takmarkað verið skoðuð út frá kvenna- og kynjasögulegu sjónarhorni. Hafa þarf í huga að það að vera „ógift kona“ hafði áhrif á allt ferli útflutningsins. Staða ógiftra kvenna fól í sér ákveðna óvissu og ákvörðunin um að flytja og sjálfst ferlið var ólíkt fyrir einhleypar konur og giftar. Markmið verkefnisins er að skoða hóp ógiftra kvenna sem fluttust frá Norður- og Suður-Múlasýslu og Skagafjarðarsýslu til Norður-Ameríku á árunum 1870–1914.
- **Framvinda:** Styrkþegi vann tvær fræðigreinar um niðurstöður verkefnisins:
 - Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir: „Auðmagn sem erfist og kynslóðir vesturfarakvenna. Athafnasemi og þverþjóðleiki“, *Saga 2018*, 1. tbl. 56. árgangs, bls. 182-212. Greinina má nálgast [hér](#).
 - Sigríður Matthíasdóttir: „Ugifte kvinder som emigrerede fra Island til Kanada og USA 1870–1914. Undersøgelse af det biografiserende kildemateriale.“ *Gender, History, Futures*. Ritstj. Daniel Nyström og Johanna Overud. Stokkhólmur 2015, bls. 25-30. Greinina má nálgast [hér](#).

Söfnun skólahandavinnu í textíl

- **Styrkþegi:** Sigrún Guðmundsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að safna fjölbreyttri textílskólavinnu svo til verði gagnasafn fyrir rannsakendur. Fáir textílskólamunir hafa varðveist á söfnum og er hætta á því að þessi þáttur skóla- og menningarsögu hverfi ef ekki er hægt að nálgast munina.

Handavinna kvenna er mikilvægur hlekkur í sögu okkar og skólahandavinnan er sá grunnur sem handverksþekking kvenna hefur byggt á. Textílhandavinnan er í rauninni sá menningararfur sem konur eiga mestan heiður af að hafa stofnað til. Markmiðið er að bjarga þessum menningarverðmætum og mikilvægt að hægt sé að lesa í handverkið samhliða upplýsingum úr skriflegum gögnum. Það þarf að draga hina verklegu muni fram í dagsljósið til að vekja athygli á þeirri þekkingu og færni sem konur þurftu að tileinka sér. Með því að skoða og handleika munina er auðveldara að gera sér grein fyrir þeim kröfum sem gerðar voru.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega hafði fjölbreyttu safni muna frá því fyrir aldamót 1900 til dagsins í dag verið safnað og komið fyrir á Árbæjarsafni. Unnið var að því að handsauma merkimiða í hvern einasta grip, að skrá hvern og einn þeirra á opna safnavefinn Sarp og skrifa skýrslu um verkefnið.

Tölum um ofbeldi – líka úti á landi

- **Styrkþegi:** Kvennaathvarfið
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kvennaathvarfið hefur látið gera 5 mínútna teiknimynd, Tölum um ofbeldi, sem ætluð er börnum á grunnskólaaldri. Myndin er í senn fræðslumyndband um eðli heimilisofbeldis, yfirlýsing um að ábyrgð á heimilisofbeldi liggja hjá fullorðnu fólki en ekki börnum og hvatning til barna um að segja frá því þau eða einhver sem þau þekkja við ofbeldi heima hjá sér. Sótt er um styrk til að fylgja myndinni eftir út á land í því skyni að undirbúa sýningu hennar í grunnskólum og þjálfari viðbrögð þeirra sem líklegust eru til að fá, í kjölfarið, frásagnir barna af ofbeldi. Sótt var um styrk vegna ferðakostnaðar svo börn á landsbyggðinni sætu að þessu leyti við sama borð og börn á höfuðborgarsvæðinu.
- **Framvinda:** Teiknimyndina má nálgast [hér](#). Styrkurinn gerði Kvennaathvarfinu kleift að kynna myndina á landsbyggðinni og í skólum landsins.

Fæðingarorlof og foreldramenning á Íslandi

- **Styrkþegi:** Sunna Kristín Símonardóttir
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin felst í því að kanna samspil fæðingarorlofs og foreldramenningar á Íslandi. Það verður gert með því að skoða hvernig orðræður um sameiginlega fjölskylduábyrgð annars vegar og ákafa mæðrun hins vegar birtast sem kynjaðar foreldraorðræður á Íslandi. Rannsóknin mun varpa ljósi á ákvarðanatöku foreldra hvað varðar fæðingarorlof og dreifingu umönnunar í fjölskyldum. Rannsóknin verður framkvæmd á þrjá vegu; 38 viðtöl verða tekin við óléttar konur og fyrstu mæður, samtál verður haft við rýnihópa feðra og fjölmiðlaefni um feður og fæðingarorlof verður greint. Niðurstöður rannsóknarinnar munu hafa erindi innan alþjóðlega fræðasamfélagsins um kyn og foreldra og sjá íslenskum stjórnvöldum fyrir mikilvægum upplýsingum sem áður hafa ekki verið til.
- **Framvinda:** Við skil lokaskýrslu hafði styrkþegi m.a. kynnt niðurstöður sínar á Jafnréttisþingi 2018, auk þess að ræða þær í viðtölum hjá Morgunblaðinu, morgunútvarpi Rásar 2 og hlaðvarpsþættinum Samtal við Samfélagið á árinu 2018. Stefnt var að birtingu þriggja fræðigreina hið

minnsta í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum á sviði félagsfræði og/eða kynjafræði og kynningu á bæði innlendum og erlendum ráðstefnum.

Sterkar skákkonur

- **Styrkþegi:** UMF Fjölur skákdeild
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið með verkefninu er að hvetja stúlkur enn frekar til skákiðkunar og þá með áherslu á yngstu grunnskólansnemendurnar. Skákípróttin er jaðaríprótt sem nýtur mikillar virðingar á Íslandi. Í engu öðru landi eru stórmeistarar hlutfallslega jafn margir og hér á landi og hefur Ísland náð góðum árangri á alþjóðlegum landsmótum. Íslenskar skákkonur hafa oftast unnið Norðurlandmót kvenna. Nú síðast vann mótið Lenka Ptáčníková, eini íslenski stórmeistari kvenna. Eins og í öðrum ípróttum þarf að hlúa vel að konum og stúlkum sem eiga það til að detta út fyrr eða fyrirvaralaust miðað við drengi eða karla.
- **Framvinda:** Skákdeild Fjölur bauð sjö stúlkum á aldrinum 10-21 árs ókeypis þátttöku á Västerås Open 2017, fjölmennasta alþjóðlega skákmóti Norðurlanda. Þrjár þeirra unnu til peningaverðlauna. Stúlknaþjálfun er á dagskrá vikulega í Foldaskóla og Rimaskóla. Stúlkurnar í Rimaskóla eru nokkuð sér á parti hvað varðar breidd, árangur og áhuga í öllum bekkjum, sem hefur aldrei komið jafn vel í ljós og skólaárið 2017-2018. Rimaskólastelpur eru Reykjavíkumeistarar í öllum þremur aldursflokkum Reykjavíkurmótsins, öllum flokkum jólaskákmóts ÍTR og TR og unnu til verðlauna í öllum flokkum Íslandsmóts grunnskóla, stúlkna-flokki.

Kraftur til kvenna á flóttu

- **Styrkþegi:** Landsnefnd UN Women á Íslandi
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Vitundarvakningarverkefni og fræðsluherferð um gríðastaði UN Women í flóttamannabúðunum Zaatari í Jórdaníu. Tilgangur verkefnisins er að vekja landsmenn til vitundar um jaðarsetta stöðu kvenna á flóttu í kjölfar stríðsins í Sírylandi, fræða um alvarlegar afleiðingar ofbeldis og áfalla í kjölfar stríðsátaka en á sama tíma sýna fram á hvernig stuðla megi að valdeflingu kvenna á áhrifaríkan hátt. Um leið er markmiðið að vinna gegn fordómafullum hugmyndum um flóttafólk sem kunna að vera að skjóta rötum hér á landi. Mun fræðslugildi og hughrif verkefnisins aukast með því tefla saman íslenskum og sírylenskum konum og sjá þær ræða saman á jafningjagrundvelli á gríðastöðum UN Women í Zaatari.
- **Framvinda:** Vitundarvakningarátak landsnefndar UN Women á Íslandi – *Konurnar í Zaatari* – fór fram dagana 7.-22. nóvember 2018. Framleidd voru fimm 2,5 mínútna myndbönd auk stuttrar sjónvarpsauglýsingar. Í myndböndunum var áhorfendum veitt innsýn í líf kvenna innan Zaatari-flóttamannabúðanna og í starf UN Women innan þriggja gríðastaða UN Women sem eingöngu eru aðgengilegir konum og börnum þeirra innan búðanna. Myndböndin má nálgast á Youtube-síðunni [UN Women Ísland](#). Vitundarvakningarátakið hlaut mikla dreifingu í sjónvarpi og fjölmiðlum sem og á samfélagsmiðlum og vefmiðlum. Jafnframt efndi landsnefndin til ljósmyndasýningar í Kringlunni, breytti einu fjölfarnasta strætósýli borgarinnar á Lækjartorgi í flóttamannatjald og hélt fjölda kynninga í kjölfar átaksins fyrir félagasamtök og fyrirtæki. Um 500 nýir mánaðarlegir styrktaraðilar gengu til liðs við UN Women á Íslandi í kjölfar átaksins og 18.000.000 kr. söfnuðust.

4.3 Styrkveitingar 2018



Börn á tímum kynlífsvæðingar og stafrænnar tækni: Rannsókn og aðgerðir

- **Styrkþegi:** Annadís Greta Rúdólfsdóttir
- **Fjárhæð:** 10.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið þessa verkefnis er tvíþætt. Annars vegar felst það í rannsókn á kynjaðri menningu í leik-, grunn- og gagnfræðaskólum (5-9 ára og 12-15 ára) og á netinu (12-15 ára). Þar verða skoðuð þau tækifæri og þær takmarkanir sem börnum og unglingum eru sett við að birta og móta kyngervi sitt. Hins vegar felst það í hönnun gagnvirkar heimasíðu fyrir börn og kennara, sem veitir uppbyggilega leiðsögn til að takast á við málefni sem börnin sjálf telja brýn og snerta kynjuð samskipti og kynjaðan reynsluheim þeirra. Rannsóknin gengur út frá þeim forsendum að börn séu virk í að skilgreina og skapa kyngervi sitt. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kyngervi taki mið af þroska barna og félagslegri stöðu þeirra.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega hafði verið ráðinn doktors-nemi til vinnu við hluta rannsóknarinnar. Undirbúningi fyrir viðtöl eldri barna (12-15 ára) var lokið og fengið hafði verið leyfi frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til þess að taka vinahópaviðtöl við unglinga í frístundamiðstöðvum í ólíkum hverfum borgarinnar. Þá hafði rannsóknin verið kynnt í fyrirlestrinum „Feiknabýsnahrikagantagríðar-yndislega“ á Jafnréttisdögum Háskóla Íslands þann 2. október 2018 og á veggspjaldi á Menntakviku þann 12. október sama árs. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Konur upp á dekk!

- **Styrkþegi:** Akureyrarakademían, Jafnréttisstofa, Starfsgreinasamband Íslands og JCI Sproti
- **Fjárhæð:** 3.317.460 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Til stóð að setja saman námskeiðið „Konur upp á dekk!“ fyrir konur í verkalýðshreyfingunni með það að markmiði að hvetja konur til aukinnar þátttöku í starfsemi verkalýðshreyfingarinnar og auka þar með kynjajafnrétti. Námskeiðið yrði opið öllum félagskonum aðildarfélaganna Starfsgreinasambandsins og starfsmannafélaga sveitarfélaganna, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðin yrðu haldin á sex stöðum á landinu; Akureyri, Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Reykjavík og Selfossi.

- **Framvinda:** Námskeiðið var haldið á Akureyri, í Borgarnesi, Ísafirði, Reykjavík og á Selfossi síðari hluta ársins 2018 og fyrri hluta ársins 2019 en hætt var við námskeiðið á Egilsstöðum vegna dræmrar þátttöku. Alls sóttu 43 konur námskeiðið en þar af töldu 77% þeirra sig líklegri til að taka virkari þátt í verkalýðshreyfingunni að námskeiði loknu.

Full Steam Ahead

- **Styrkþegi:** Arnhildur Gréta Ólafsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Til stóð að framleiða heimildarmynd til að vekja athygli á og berjast fyrir kynjajafnrétti innan *STEM* (vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði, e. *science, technology, engineering and mathematics*), með áherslu á hinn ört vaxandi jarðhitaiðnað. Í sviðs-ljósinu yrðu ólíkar kynslóðir kvenna, allt frá konum sem voru þær fyrstu til að starfa á sviðinu til kvenna sem eru að stíga sín fyrstu skref í námi. Margar kvennanna vinna með beinum hætti að því að sjá konum og stúlkum í einangruðum samfélögum fyrir orku og fjármunum. Með því að sýna frá reynslu þessara kvenna á ólíkum tímum innan jarðhita-iðnaðarins verður unnt að tryggja að raddir þeirra heyrist sem víðast.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega stóð til að heimildar-myndin yrði kláruð árið 2020 en framvinda verkefnisins er að öðru leyti óþekkt.

Immigrant women's experiences of EDV and IPV (IWEV): A baseline exploration

- **Styrkþegi:** Brynja Elísabeth Halldórsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.370.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Helstu markmið rannsóknarinnar eru að kortleggja algengi áreitni og ofbeldis á vinnustað og ofbeldis í nánnum samböndum gegn innflytjendakonum sem og að þróa verkfæri fyrir haghafa til að aðstoða þolendur. Þrátt fyrir að þessar tvær tegundir ofbeldis gegn konum séu verulega ólíkar benda frásagnir til algengis beggja á Íslandi. Rannsóknin mun byggja á netkönnun á nokkrum tungumálum, nafn-lausum frásögnum og viðtölum við innflytjendakonur og haghafa sem sjá konum fyrir þjónustu.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Umfang, eðli og kostnaður vegna heimilisofbeldis – lögregla, dómstólar og velferðarsvið Reykjavíkurborgar

- **Styrkþegi:** Drífa Jónasdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið er að rannsaka umfang, eðli og kostnað, sem hlýst af því þegar karlar beita konur heimilisofbeldi. Heildstætt mat á umfangi, eðli og kostnaði vegna heimilisofbeldis karla í garð kvenna hefur enn ekki verið unnið hér á landi og rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á þá þætti. Niðurstöður rannsóknar koma til með að hafa mikið og breitt vísindalegt gildi. Niðurstöðurnar munu efla vísindaumhverfi á sviði heimilisofbeldis, auk þess að skapa betri grundvöll til markvissari og upplýstari ákvarðanatöku stjórnvalda og fagaðila í tengslum við heimilis-ofbeldi. Vonast er til þess að niðurstöður rannsóknar verði hagnýttar í vinnu við að sporna gegn heimilisofbeldi og þar með að jafna hlut kynjanna.

- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar árið 2020 í 3. tbl. 49. árgangs *Scandinavian Journal of Public Health* og má nálgast [hér](#).

Hví eru karlmenn ekki ljósmæður á Íslandi?

- **Styrkþegi:** Erla Doris Halldórsdóttir
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Í rannsókninni verður gerður samanburður á greinum sem birtust í Ljósmæðrablaðinu og norska tímaritinu *Tidskrift for jordmor* á tímabilinu 1922–2018 til að meta hvort karlar hafi verið útilokaðir frá ljósmæðrastarfinu með þöggun. Einnig verður önnur umfjöllun um karla sem ljósmæður á Íslandi á öðrum vettvangi rýnd með það að markmiði að greina hvort þeir fái rými í opinberri umræðu. Enn fremur verður tekið viðtal við fyrsta ljósföður Noregs. Hann verður m.a. spurður hvernig honum hafi verið tekið í starfi ljósmóður af hálfu starfsfólks og fæðandi kvenna. Rannsóknin verður unnin út frá kynjasögulegri aðferðafræði eins og hún hefur þróast á undanförunum árum.
- **Framvinda:** Bókin „Þeir vöktu yfir ljósinu – Saga karla í ljósmóðurstörfum“ eftir styrkþega var gefin út árið 2019. Jafnframt birti hún greinina „Aðhjúkrun og fæðingaraðstoð karla á Íslandi“ í 1. tbl. 95. árgangs Tímarits hjúkrunarfræðinga árið 2019. Greinina má nálgast [hér](#) á bls. 96-97. Þá greiddi styrkþegi flugfar og hótélkostnað fyrir fyrsta ljósföður Noregs dagana 2.-6. maí 2019 í tilefni af hundrað ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands. Á meðan á heimsókn hans stóð fór hann í tvö útvarpsviðtöl í þeim tilgangi að kynna Íslendingum að karlar geti starfað sem ljósmæður.

Réttindabarátta fatlaðra kvenna í Úganda

- **Styrkþegi:** Erla Hlín Hjálmarsdóttir
- **Fjárhæð:** 4.200.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið felur í sér að tveimur nemendum sem vinna að bættum réttindum og réttindabaráttu fatlaðra kvenna í Úganda er gefinn kostur á að stunda diplómanám í alþjóðlegum jafnréttisfræðum við Jafnréttisskólann á vorönn 2019. Nemarnir leggja áherslu á réttindabaráttu fatlaðra kvenna í hagnýtum lokaverkefnum sínum. Meginmarkmið verkefnis er að nemendur vinni að hagnýtum verkefnum sem bæti stöðu fatlaðra í Úganda. Verkefnið byggir á prófaðri aðferðafræði en yfir hundrað nemendur hafa lokið hagnýtu námi við Jafnréttisskólann og vinna nú að jafnréttismálum í sínum heimalöndum.
- **Framvinda:** Tveir sérfræðingar voru valdir til að hefja nám vorið 2019, þau Hassan Waddimba og Betty Cheptoek. Hassan starfar hjá frjálsum félagasamtökum í Úganda sem sérhæfa sig í að mæla fyrir réttindum fatlaðs fólks í Austur-Afríku (e. *East Africa Center for Disability Law and Policy*). Hann var framúrskarandi í nemendahópi Jafnréttisskólans vorið 2019, bæði náms- og félagslega, en hagnýtt lokaverkefni hans fjallaði um stuðning við konur til að vinna að frumkvöðlastarfi fatlaðra kvenna í Úganda. Betty starfar hjá Landssamtökum fatlaðs fólks í Úganda og þá sérstaklega að því að efla þekkingu og vitund um málefni ungs fólks með fötlun á meðal stjórnvalda og almennings í landinu. Framvinda dvalarleyfis hennar tafðist og því var námi hennar frestað fram til vors 2020.

Kynjavísitölur á markaði

- **Styrkþegi:** Freyja Vilborg Þórarinsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.

- **Lýsing á verkefni:** Megintilgangur verkefnisins er að þróa og móta mælistiku á jafnrétti meðal skráðra félaga á íslenskum markaði, þannig að betur sé hægt að greina þróun jafnréttismála, bæði í samhengi við stöðu efnahagsmála og rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, með það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna innan skráðra félaga á íslenskum markaði og alþjóðavísu. Mótuð verður vísitala (e. *Index*), sem sýnir stöðu kynja-jafnréttis á íslenskum markaði. Vísitalan verður uppfærð með reglubundnum hætti og birt opinberlega ásamt skýringum á stöðunni hverju sinni. Verkefnið lýtur nánar tiltekið að því að tryggja eftirlit með þróun kynjahlutfalla í áhrifastöðum hjá skráðum félögum á markaði og þeim breytum sem taldar eru mikilvægar við að skilgreina jafnrétti innan fyrirtækja og hafa vægi í vísitölunni.
- **Framvinda:** Mótaðar voru tvær vísitölur sem eiga að varpa ljósi á raunveruleg áhrif kvenna á ákvörðunartöku á skráðum markaði með einkunnum og mismunandi litasamsetningum eftir kynjahlutföllum í áhrifastöðum, með það að markmiði að efla jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Kynjakvarðinn Gemmaq hefur verið birtur á keldan.is. Nánar má lesa um kvarðann [hér](#) á heimasíðu GEMMAQ.

#Églíka – Fyrirlestraröð og útgáfa

- **Styrkþegi:** Giti Chandra
- **Fjárhæð:** 4.000.461 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið skiptist í þrjá verkþætti; skipulagningu fyrirlestraraðar um #églíka-byltinguna á Íslandi, útgáfu greinasafns á íslensku í ritröð Fléttna og útgáfu greinasafns á ensku um efnið hjá alþjóðlegu forlagi. Verkefnið hvetur til rannsókna og þekkingarsköpunar um kynferðislega áreitni og ofbeldi og varpar ljósi á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi og vinnur þannig gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi. Í verkefninu felst einnig kynning á íslensku jafnréttisstarfi og íslenskum lausnum erlendis þar sem útgáfa bókar á ensku er fyrirhuguð.
- **Framvinda:** Fyrirlestraröð RIKK á haustmisseri 2018 var tileinkuð byltingu kvenna gegn áreitni og ofbeldi og þeim viðbrögðum, rannsóknum og aðgerðum sem af henni hafa hlotist. Leitast var við að rýna í ástæður, eðli og afleiðingar #MeToo-byltingarinnar frá margvíslegum sjónarhornum. Íslenska greinasafnið „Fléttur V - #MeToo“ var gefið út árið 2020 og enska greinasafnið „The Routledge Handbook of the Politics of the #MeToo Movement“ sama ár.

Áhrif nærsamfélagsins á búsetu ungra kvenna í íslenskum sjávarbyggðum

- **Styrkþegi:** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið er að rannsaka samfélagslega stöðu og búferlaflutninga ungra kvenna í íslenskum sjávarbyggðum. Staða þeirra verður greind á grundvelli opinberra gagna og spurningakannana og verða áhrif sögulegra, efnahagslegra og félagslegra breytinga kortlögð á landsvísi með sérstakri áhersla á menningu og valdauppbyggingu samfélaganna sjálfra. Í rannsókninni verður dregin upp mynd af reynsluheimi aðfluttra kvenna af íslenskum og erlendum uppruna og innfæddra kvenna sem þar bjuggu, fóru en sneru aftur eða fluttu á brott fyrir fullt og allt.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að því meira sem slúðrið er í sjávarbyggðum, því líklegra er fólk til að flytja burt. Niðurstöðurnar hafa fengið mikla athygli en styrkþegi hefur farið í þrjú útvarpsviðtöl,

viðtal í Landanum, tekið þátt í innlendum og erlendum ráðstefnum og haldið fyrirlestra. Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var fræðigreinin í lokavinnslu og stefnt að birtingu í alþjóðlegu tímariti haustið 2020.

Staða kvenna á Alþingi 1991–2016

- **Styrkþegi:** Haukur Arnþórsson
- **Fjárhæð:** 1.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að kortleggja stöðu kvenna á Alþingi og skapa þar með nýja þekkingu á sérstöðu þingkvenna og hvað einkenni störf þeirra. Með þessu verkefni er leitast við að styrkja stöðu kvenna í stjórnámálum og auðvelda Alþingi að stuðla að kynjajafnrétti í störfum sínum. Með rannsókninni gefst tækifæri til að skoða hvernig staðan á Íslandi rímar við núverandi kenningar í kynjafraeði og stjórn-málafræði um stjórnmalapátttöku kvenna og starfsemi þjóðþinga. Í fyrsta sinn eru tekin saman tölfræðileg gögn um stöðu kynjanna á Alþingi og þau sett í fræðilegt samhengi.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Kynjamunur í skimun á þunglyndi og kvíða meðal ungs fólks:

Réttmætisathugun

- **Styrkþegi:** Hilma Rós Ómarsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.900.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknin leitast eftir að svara hvort skimunarlistar fyrir kvíða og þunglyndi séu skekkir á þá vegu að ungar konur greinist frekar með þessar raskanir en ungir karlar þótt ekki sé raunverulegur munur á þessum hópum. Enn fremur verður kannað hvort einstök atriði eða listarnir í heild valdi því að ungir karlar greinist síður með þunglyndi og/eða kvíða en ungar konur. Markmið verkefnisins er að kanna hvort einstök atriði skimunarlista gagnist jafn vel til að mæla kvíða og þunglyndi ungra karla og kvenna og, ef svo er ekki, að setja fram tillögur að betra mælitæki. Kvíði og þunglyndi eru eitt stærsta lýðheilsuvandamál íslensks samfélags og leggja ríkisstofnanir nú þegar tíma og fjármuni í skimun á þessum sálræna vanda. Í verkefninu verða notaðir þunglyndis- og kvíðakvarðar sem nú þegar eru nýttir til þess að skima fyrir þessum röskunum, svo sem PHQ-9 og GAD-7.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar hvað varðar kvarðann GAD-7 voru birtar í meistaritgerð styrkþega vorið 2019 – „Can GAD-7 be used reliably to capture anxiety? Approaching evaluation of item quality using IRT“. Samkvæmt lokaskýrslu stóð til að skila meistaritgerð um kvarðann PHQ-9 vorið 2020 og birta greinar í erlendum ritrýndum tímaritum upp úr ritgerðunum.

Þátttaka myndlistarkonu í alþjóðlegum hraðli

- **Styrkþegi:** Hulda Rós Guðnadóttir
- **Fjárhæð:** 300.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið snýst um að styðja við baráttu skapandi kvenna á Íslandi til þátttöku á hinum alþjóðlega myndlistarmarkaði í Berlín (*Künstlerhaus Bethanien*). Styrkþega gefst kostur á að taka þátt í svokölluðum „hraðli“ hjá stofnun sem nýtir tengslanet og reynslu til að kynna viðkomandi listakonu. Verkefnið vekur athygli á stöðu íslenskra myndlistarkvenna á Íslandi.

- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Nýliðun karla í kennslu

- **Styrkþegi:** Ingólfur Ásgeir Jóhannesson
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið rannsóknarinnar er að rannsaka hvernig nýbrautskráðum kennslukörllum vegnar í grunnskólakennslu. Rannsókninni er ætlað að svara tveimur meginspurningum. Annars vegar hver sé reynsla nýbrautskráðra kennslukarla í grunnskólum fyrstu tvö starfsárin og hins vegar að hvaða leyti reynsla nýbrautskráðra kennslukarla í grunnskólum sé tengd kyni þeirra og að hvaða leyti ekki. Tekin yrðu viðtöl við tíu nýbrautskráða kennslukarla í grunnskólum og unnið úr þeim eftir hefðum eigindlegra rannsókna. Kenningar um kyngervi og karlmennsku, rannsóknir um karla í kennslu og rannsóknir og kenningar um nýliðun í starfi kennara liggja að baki þessu verkefni.
- **Framvinda:** Styrkþegi birti greinina „Eftirsóttasti minnihlutahópurinn? Fyrstu mánuðir fjögurra karla í grunnskólakennslu“ í *Netlu – Veftímariti um uppeldi og menntun* þann 28. mars 2019, sjá [hér](#). Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega stóð til að kynna niðurstöðurnar á málþingum og í fleiri vísindagreinum.

Ofbeldi í nánnum samböndum út frá sjónarhorni geranda

- **Styrkþegi:** Katrín Ólafsdóttir
- **Fjárhæð:** 8.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið þessa verkefnis er að rannsaka ofbeldi í nánnum samböndum út frá sjónarhorni þeirra sem ofbeldinu beita. Erlendis hefur heimilisofbeldi/ofbeldi í nánnum samböndum mikið verið rannsakað og birtist þar ítrekað sterkur kynjavinkill. Gerendur eru í miklum meirihluta karlar. Á Íslandi hafa 22% kvenna mátt þola ofbeldi í nánnum sambandi af hálfu karlkyns maka. Verkefnið miðar að því að rannsaka upplifun gerenda af ofbeldi sem þeir beita maka sinn. Það byggir á tvíþættu aðferðamódeli, annars vegar viðtalsrannsókn og hins vegar magnbundinni innihaldsgreiningu (e. *quantitative content analysis*) og kítískri orðræðugreiningu (e. *critical discourse analysis*).
- **Framvinda:** Styrkþegi birti greinina „Boys in Power“: Consent and Gendered Power Dynamics in Sex“ í tímaritinu *Boyhood Studies* þann 1. júní 2019 en hana má nálgast [hér](#). Rannsóknin var kynnt á ráðstefnum í Ósló og Hamborg haustið 2019.

Var jafnræði í uppeldi og menntun 10 systkina frá Vatnshorni á s.hl. 19. aldar?

- **Styrkþegi:** Karólína Hulda Guðmundsdóttir
- **Fjárhæð:** 400.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið er að draga fram og varpa ljósi á hvort jafnræði ríkti í uppeldi og menntun systkinanna frá Vatnshorni í Skorradal sem voru: Björn (1856-1951), Jórunn (1857-1889), Eyvindur (1858-1911), Þórunn Ástríður (1859-1935), Bóthildur (1861-1865), Hólmfríður (1862-1935), Steinunn (1863-1921), Steindóra (1864-1885), Bóthildur (1867-1931) og Bjarni (1869-1941). Verkefnið beinist að uppeldisaðstæðum systkina í sveit undir lok 19. aldar, þ.e. áherslum og atlæti sem bjó þau undir fullorðinsárin og varpar ljósi á stöðu kynjanna undir lok 19. aldar.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega stóð til að miðla verkefninu á vefnum www.framdalur.is en það virðist ekki hafa verið gert.

Jafnrétti fyrir alla: jafnréttisfræðsla í framhaldsskólum

- **Styrkþegi:** Kristín Björnsdóttir
- **Fjárhæð:** 3.300.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er tvíþætt, annars vegar að efla jafnréttisfræðslu í starfsdeildum framhaldsskóla og hins vegar að kynna framhaldsskólanemum, óháð námsbraut, hugmyndir um útvíkkun jafnréttishugtaksins. Verkefnið fellur því undir þróunarverkefni í skóla-kerfinu þar sem hugmyndir fötlunar- og kynjafræða eru samþættar með áherslu á jafnan rétt allra kynja. Tuttugu og þrjú framhaldsskólar starfrækja starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur og nemendur sem ekki geta nýtt sér almennt námsframboð og verður þeim boðið upp á jafnréttisfræðslu í formi vinnustofa. Einnig verða kennsluáætlanir og námsgögn gerð aðgengileg framhaldsskólakennurum á vef verkefnisins. Þá verður öllum framhaldsskólum á landinu boðið upp á fyrirlestra um útvíkkun jafnréttishugtaksins.
- **Framvinda:** Vef verkefnisins má nálgast [hér](#). Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Opnun þjónustumiðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis

- **Styrkþegi:** Kvinnaráðgjöfin
- **Fjárhæð:** 2.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Tilgangur verkefnisins er að opna þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri 2018. Ætlunin er að opna sambærilega miðstöð og Bjarkarhlíð í Reykjavík, sem tók til starfa þann 1. febrúar 2017. Þjónustumiðstöðin verður útbúin þannig að öll þjónusta fyrir þolendur kynferðisofbeldis, ofbeldis í nánnum samböndum eða eru brotapolar í mansalsmálum og/eða vændi verði á einum stað sem auðveldar þolendum að leita sér aðstoðar. Þjónustan mun miða að því að þjónusta bæði karla og konur. Á miðstöðinni mun vera þverfaglegt teymi sem veitir brotapolum þá þjónustu sem þeir þurfa. Kvinnaráðgjöfin mun sinna lögfræði- og félagsráðgjöf í þjónustumiðstöðinni.
- **Framvinda:** Bjarmahlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, var formlega opnuð á Akureyri þann 10. maí 2019. Lesa má nánar um miðstöðina [hér](#).

Takmarkar internetið mannréttindavernd?

- **Styrkþegi:** María Rún Bjarnadóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Megintilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvort hið landamæralausa eðli internetsins hafi hamlandi áhrif á mannréttindavernd ríkja sem bundin eru af Mannréttinasáttmála Evrópu, þegar reynir á athafnaskyldu þeirra til þess að tryggja réttindi á borð við friðhelgi einkalífs og persónuvernd á netinu. Í rannsókninni er sérstaklega fjallað um álitaeftnið í samhengi við birtingu viðkvæms efnis sem einstaklingar hafa ekki samþykkt að yrði gert aðgengilegt öðrum, og þá sérstaklega um efnis sem vísað hefur verið til sem hrellikláms. Leitast er við að svara spurningum um hvort athafnaskyldur ríkja til þess að vernda mannréttindi breytist í takti við tækniþróun og hvort sjónarmið um fullveldi og hefðbundin landamæri ríkja séu í raun farin að ganga framfar mannréttindavernd í ljósi þess að internetið lýtur ekki sömu landamærum og ríki.

- **Framvinda:** Doktorsverkefninu er lokið og mun vörn þess fara fram þann 11. nóvember 2021. Þess má geta að styrkþegi vann greinargerð til stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi, sem má nálgast [hér](#). Jafnframt vann styrkþegi, að tilstuðlan dómsmálaráðherra, frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi), sem má nálgast [hér](#). Frumvarpið var samþykkt á Alþingi þann 17. febrúar 2021 og hefur stafrænt kynferðisofbeldi þannig sérstaklega verið gert refsivert í íslenskum rétti, sbr. nýtt ákvæði 199. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnlaunaregla íslensks réttar

- **Styrkþegi:** Maj Britt Hjördís Briem
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að gefa greinargóða mynd af lagaákvæðum íslensks réttar sem tryggja eiga launajafnrétti á íslenskum vinnumarkaði. Til þess að ná því markmiði verða ákvæðin skoðuð með hliðsjón af túlkun innlendra og erlendra úrskurðaraðila á inntaki þeirra. Að lokinni slíkri greiningu getur höfundur tekið afstöðu til þess hvort þeim sé beitt með réttum hætti í íslenskum rétti, til samræmis við alþjóðlegar skuldbindingar og samræmda EES-túlkun.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu var stefnt á að öllum verkþáttum þessa styrks og styrks sama styrkþega frá árinu 2017 yrði lokið í júní 2018. Jafnframt yrði skrifuð grein um niðurstöður rannsóknarinnar fyrir árslok 2018.

Kvenna-vinna: Creating deserving labour opportunities for immigrant women

- **Styrkþegi:** Markus Hermann Meckl
- **Fjárhæð:** 3.044.170 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Erfitt er fyrir erlendar fagkonur að fá störf við hæfi og/eða fá menntun og réttindi frá heimalandi sínu metin á Íslandi. Ófullnægjandi íslenskukunnátta og íslenskukennsla, takmarkaður stuðningur og skortur á sjálfstrausti eru á meðal helstu hindrana fyrir erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði. Tilraunaverkefninu Kvenna-vinna er ætlað að skoða sérstaklega hindranir í vegi erlendra fagkvenna á Akureyri og benda í kjölfarið á mögulegar lausnir.
- **Framvinda:** Fimm erlendar konur á aldrinum 30-60 ára á Akureyri tóku þátt í verkefninu. Grein um niðurstöður verkefnisins var birt árið 2018 í tímaritinu *Nordicum-Mediterraneum* en hana má nálgast [hér](#). Verkefnið var kynnt á fyrirlestur og ráðstefnum, auk þess sem styrkþegi vann að dreifingu niðurstaðnanna með Zonta-klúbbum á Íslandi.

Ofbeldi gegn konum: Þáttur lífeðlislegra ferla í heilsufari þolenda til langframa

- **Styrkþegi:** Rebekka Sigrún D Lynch
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið verkefnisins er að bæta skilning á afleiðingum ofbeldis og því lífeðlisfræðilega ferli sem ofbeldi veldur hjá þolandanum. Verkefnið er nú þegar hafið með því að meta tíðni ofbeldis gegn konum á Íslandi og áhættu þeirra á algengum geðrænum kvillum annars vegar og hjarta- og æðasjúkdómum hins vegar. Tvö sértæk markmið eru sett fram í verkefninu, þ.e. að kortleggja áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum, m.a. offitu, háþrýsting, blóðfituröskun og

sykursýki, annars vegar hjá konum sem hafa verið beittar ofbeldi og hins vegar þeim sem hafa ekki verið beittar ofbeldi. Skoðað verður hvort þunglyndi og kvíði hafi áhrif á þetta samband (e. *effect-modification*).

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega sýna allra fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar að konur sem hafa orðið fyrir ofbeldi eru þyngri og með óhagstæðari blóðfituþrófil en konur sem hafa ekki orðið fyrir ofbeldi. Það á enn eftir að vinna úr spurningalistunum um andlega líðan. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Rannsókn á ævi Pálínu og Pálínu – Ævisaga tveggja kvenna

- **Styrkþegi:** Sigríður Matthíasdóttir
- **Fjárhæð:** 3.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að rita ævisögu fyrir almenning um líf tveggja kvenna, Pálínu S. Guðmundsdóttur Ísfeld (1864–1935), og dótturdóttur hennar, Pálínu Kr. Þorbjörnsdóttur Waage (1926–2005). Enn fremur er markmiðið að rita fræðilega grein um efnið. Pálína eldri og yngri voru báðar verslunarkonur á Seyðisfirði um áratugaskeið og ráku þar verslun er nefndist Verslun E.J. Waage. Verkefnið fjallar um þætti í sögu íslenskra kvenna sem til þessa hafa lítið verið rannsakaðir þrátt fyrir að hafa augljóslega mikla þýðingu en konur voru í meirihluta íslenskra vesturfara, öfugt við það sem gerðist í nágrennalöndunum, og stór hluti þeirra ógiftur. Samt sem áður hafa rannsóknir á þeim verið takmarkaðar bæði innan sagnfræði og annarra fræðigreina.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Understanding culture, help seeking and healing after Gender Based Violence

- **Styrkþegi:** Sigrún Sigurðardóttir
- **Fjárhæð:** 2.760.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið er hluti af stærra alþjóðlegu rannsóknarverkefni um það að leita sér hjálpar í kjölfar kynbundins ofbeldis. Verkefni þetta miðar að því að skoða og bera saman hegðunarleg, tilfinningaleg og vitræn áhrif áfalla og leitar að aðstoð eftir kynbundið ofbeldi. Félags- og menningarlegar hindranir í ólíkum ríkjum eru bornar saman, sem og fyrirgreiðsla leitar að aðstoð eftir kynbundið ofbeldi. Enn fremur eru meðferðaráhrif CENI-nálgunarinnar (e. *Clinical Ethnographic Narrative Interview*) rannsökuð, sem íhlutun til að draga úr einkennum, auka félagslegan stuðning og efla bata eftir áföll.
- **Framvinda:** Framvinda verkefnisins er óþekkt þar sem lokaskýrslu hefur ekki verið skilað.

Heimilisofbeldi – birtingarmyndir þess og hvað er til ráða?

- **Styrkþegi:** Sigrún Stefánsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Tilgangur verkefnisins er að draga fram í dagsljósið birtingarmyndir heimilisofbeldis á Íslandi með viðtölum við þolendur þess. Mikil hula hefur verið yfir þessari tegund ofbeldis og þolendur oft lítið á það sem persónulega skömm að lifa við heimilisofbeldi. Reynslu-sögur þolenda heimilisofbeldis verða birtar í bók sem er m.a. ætlað að sýna að heimilisofbeldi fer ekki eftir stétt, menntun eða efnahag eins og oft er haldið fram í umræðunni.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu var vinnslan á rétttri leið en að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Sterkar skákkonur

- **Styrkþegi:** UMF Fjölur skákdeild
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið með verkefninu er að hvetja stúlkur enn frekar til skákiðkunar og þá með áherslu á yngstu grunnskólá-nemendurna. Skákíþróttin er jaðaríþrótt sem nýtur mikillar virðingar á Íslandi. Í engu öðru landi eru stórmeistarar hlutfallslega jafn margir og hér á landi og hefur Ísland náð góðum árangri á alþjóðlegum landsmótum. Íslenskar skákkonur hafa oftast unnið Norðurlandmót kvenna. Nú síðast vann mótið Lenka Ptáčníková, eini íslenski stórmeistari kvenna. Eins og í öðrum íþróttum þarf að hlúa vel að konum og stúlkum sem eiga það til að detta út fyrir eða fyrirvaralaust miðað við drengi eða karla.
- **Framvinda:** Skákdeild Fjölur bauð fjórum stúlkum á aldrinum 13-26 ára ókeypis þátttöku á Västerås Open 2018, fjölmennasta alþjóðlega skákmóti Norðurlanda. Stúlknaþjálfun er á dagskrá vikulega í Foldaskóla og Rimaskóla. Stúlkurnar í Rimaskóla eru nokkuð sér á parti hvað varðar breidd, árangur og áhuga í öllum bekkjum, sem hefur aldrei komið jafn vel í ljós og skólaárið 2018-2019. Rimaskólastelpur eru Reykjavíkurmestistarar í öllum þremur aldursflokkum Reykjavíkurmótsins, öllum flokkum jólasákmóts ÍTR og TR og unnu til verðlauna í öllum flokkum Íslandsmóts grunnskóla, stúlknafllokki. Stúlka úr Fjölni varð í fjórða sinn Norðurlandameistari stúlkna í B-flokki mótsins. Hún var valin í íslenska kvennalandsliðið í skák, sem tók þátt í Ólympíuskákmóti landsliða og tefldi allar skákir mótsins, ein úr hópnum. Hún var valin afreksmaður ársins 2018 f.h. Skákdeildar Fjölur.

Kynbundin skekkja í frammistöðumati: Kennslumat háskólakennara

- **Styrkþegi:** Vaka Vésteinsdóttir
- **Fjárhæð:** 2.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið þessa verkefnis er margþætt. Það felur í sér að hanna mælingu á kennslumati sem leggja má fyrir á ólíkum tungumálum, að meta hvort kynbundin skekkja er í mati íslenskra nemenda á kennslu og að bera saman mat íslenskra og þýskra nemenda á kennslu eftir því hvort kennari er karl eða kona. Jafnframt að bera saman mat á kennslu eftir kyni kennara og því hvort kennsluefnið tengist raun- eða félagsvísindum þar sem gjarnan er litið á raunvísindi sem viðfangsefni karla og félagsvísindi sem viðfangsefni kvenna. Enn fremur að meta hvort nemendur láti í ljós ólík viðhorf til kynjanna eða hvort ætla megi, ef munur finnst á mati á körlum og konum, að hann sé tilkominn vegna þátta sem nemendur gera sér ekki grein fyrir.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega hafði undirbúningsvinnu verið lokið og unnið var að því að senda viðhorfskannanir út. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

#metoo á landsbyggðinni

- **Styrkþegi:** W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi
- **Fjárhæð:** 1.500.000 kr.

- **Lýsing á verkefni:** Tilgangur þessa verkefnis er þríþættur. Í fyrsta lagi að fræða konur af erlendum uppruna um þjónustu og réttindi þeirra á landsvísu, í öðru lagi að koma saman ólíkum aðilum þvert á fagsvið til þess að hvetja þá áfram í að bæta þjónustu við innflytjendur og í þriðja og síðasta lagi að búa til vettvang sem skapar mikilvægt tengslanet fyrir konur af erlendum uppruna á landsvísu. Í kjölfar frásagna um #metoo er mikilvægt að lögð sé áhersla á fræðslu varðandi kynferðislega áreitni og ofbeldi ásamt kynþáttafordómum og -mismunun.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var stefnt að útgáfu samantektar um niðurstöður verkefnisins í árslok 2019 og halda málþing í ársbyrjun 2020. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

4.4 Styrkveitingar 2019



Help-seeking for Trauma Healing among Icelandic Survivors of Gender-Based Violence

- **Styrkþegi:** Karen Birna Þorvaldsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið er hluti af stærra alþjóðlegu rannsóknarverkefni um menningu, leit að hjálp og bata í kjölfar kynbundins ofbeldis í hið minnsta 12 ríkjum. Markmið þessa doktorsverkefnis er að rannsaka leit þolenda að hjálp við að vinna úr áföllum tengdum kynbundnu ofbeldi í íslenskri menningu, einna helst með tilliti til félags- og menningarlegra hindrana. Þrjár rannsóknir verða framkvæmdar innan verkefnisins í því augnamiði að til verði upplýsingar um reynslu kvenna af því að leita sér hjálpar í kjölfar kynbundins ofbeldis á Íslandi.
- **Framvinda:** Fyrsta vísindagreinin, þar sem mælitækið BHS-TR (e. *Barriers to Help-Seeking for Trauma Scale*) er þýtt og staðfært yfir á íslensku, hefur verið send inn í ritrýnt alþjóðlegt tímarit. Hinar greinarnar tvær voru á undirbúningsstigi. Styrkþegi kynnti verkefnið víða, á málstofum og rannsóknarsmiðjum í háskólasamfélaginu sem og á ráðstefnum ætluðum fagfólki og almenningi.

Upplifun karla sem beitt hafa ofbeldi í nánum samböndum

- **Styrkþegi:** Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið þessa verkefnis er að rannsaka ofbeldi í nánum samböndum út frá upplifun karla sem beitt hafa slíku ofbeldi. Það verður m.a. gert með því að skoða hvernig karlmennska birtist í upplifun karla sem beitt hafa ofbeldi í nánun sambandi. Upplifun þeirra í föðurhlutverkinu verður skoðuð, sem og hvaða fræðilegu ályktanir og skilaboð er hægt að draga af niðurstöðunum og nýta til forvarna og úrbóta. Útbúið verður námsefni ætlað unglingastigi og framhaldsskólum.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega voru skrif fyrstu greinar doktorsverkefnisins langt komin. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Reynsla íslenskra kvenna af úrvinnslu og leiðum til eflingar eftir kynbundið ofbeldi

- **Styrkþegi:** Hulda Sædís Bryngeirsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Það eru fjögur meginmarkmið með doktorsverkefninu. Í fyrsta lagi að rannsaka hvaða þættir hafa áhrif á úrvinnslu íslenskra kvenna á því áfalli að verða fyrir kynbundnu ofbeldi. Í öðru lagi að rannsaka hvað auðveldar slíka úrvinnslu og hvað hindrar hana. Í þriðja og fjórða lagi að finna hvernig best er að styrkja konur í úrvinnslunni og hvernig best er að meta slíka styrkingu. Þetta hefur ekki verið rannsakað nægjanlega vel, hvorki á Íslandi né annars staðar. Doktorsrannsóknin er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni í 12 löndum.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var unnið að því að greina viðtöl sem hún hafði tekið og skrifa grein eða greinar um niðurstöður þeirra. Að öðru leyti er framvinda verkefnisins óþekkt.

Immigrant Mothers' Pursuit of Higher Education: An Intersectional Analysis

- **Styrkþegi:** Cynthia Trililani
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið doktorsrannsóknarinnar er að kanna áhrif margþættrar sjálfsmýndar erlendra mæðra á reynslu þeirra í námi og þá tilfinningu að tilheyra í háskólanámi. Rannsóknin felur í sér mikilvægt framlag til að bæta menningu í háskólanámi til að tryggja þátttöku, jafnrétti og félagslegt réttlæti. Enn fremur til að efla hagsmunagæslu fyrir erlendar mæður til að styðja og hvetja þær til þátttöku á vinnu- markaði.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega er stefnt að útgáfu þriggja fræðigreina árið 2021 um niðurstöður rannsóknarinnar.

Sexual Harassment and Violence in the Work Environment: A Nationwide Study Among Icelandic Women

- **Styrkþegi:** Edda Björk Þórðardóttir
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Fram til þessa hefur algengi sem og heilsufarslegar afleiðingar kynferðislegrar áreitni á vinnustað og ofbeldis gegn konum á Íslandi ekki verið ljóst. Þessi rannsókn mun meta algengi og áhættuþætti kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á vinnustað, í tengslum við geðræn og líkamleg einkenni. Rannsóknin mun veita ómetanlegar upplýsingar til að bæta íslenska stefnu og íhlutun.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var unnið að því að senda niðurstöður rannsóknarinnar til alþjóðlegra ritrýndra tímarita sem og að kynna þær á ráðstefnum árið 2021. Niðurstöðurnar höfðu þegar verið kynntar á ráðstefnunni *#MeToo Moving forward: International conference on combatting sexual harassment*.

Árangur gegn alþjóðlegu bakslagi – þungunarrof á Íslandi og Írlandi

- **Styrkþegi:** Silja Bára Ómarsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Umræða um þungunarrof á Íslandi og Írlandi, þar sem lögum hefur verið breytt í átt til aukins frjálsræðis á síðustu tveimur

árum, er kortlögð í gegnum blaðgreinar, samfélagsmiðla og umræður á þingi í kringum lagasetningu. Ríkjandi orðræða er greind og þannig leitast við að varpa ljósi á ástæður þess að lagasetning tókst í þessum tveimur löndum þegar bakslag gegn kyn- og frjósemisréttindum kvenna er allsráðandi víðast hvar í heiminum.

- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega er einnar greinar um verkefnið – Opposing abortion in a feminist paradise: Conservative rhetoric in Iceland – að vænta í tímaritinu *Global Constitutionalism*. Verkefninu verður framhaldið með verkefnisstyrk frá Rannís árin 2021–2024.

Ungar konur og íslenskar sjávarbyggðir: samfélagsáhrif og búsetuval

- **Styrkþegi:** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Doktorsrannsókn á samfélagslegri stöðu og búferlaflutningum ungra kvenna í íslenskum sjávarbyggðum. Áhrif sögulegra, efnahagslegra og félagslegra breytinga á stöðu ungra kvenna í sjávarbyggðum verða kortlögð á landsvísu með áherslu á menningu og valdastrúktúr samfélaganna. Rannsóknin byggir á viðtölum við núverandi og fyrrverandi íbúa í sjávarþorpum, opinberum gögnum og niðurstöðum úr umfangsmikilli könnun á byggðafestu og búferlaflutningum í slíkum byggðarlögum.
- **Framvinda:** Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að því meira sem slúðrið er í sjávarbyggðum, því líklegra sé fólk til að flytja burt. Niðurstöðurnar hafa fengið mikla athygli en styrkþegi hefur farið í þrjú útvarpsviðtöl, viðtal í Landanum, tekið þátt í innlendum og erlendum ráðstefnum og haldið fyrirlestra. Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var fræðigrein í lokavinnslu og stefnt að birtingu í alþjóðlegu tímariti haustið 2020.

Safnrit úr sögu kvennabaráttunnar á Íslandi

- **Styrkþegi:** Kvenréttindafélag Íslands
- **Fjárhæð:** 5.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Sótt er um styrk til að ritstýra og gefa út safnrit úr sögu kvenna- og jafnréttisbaráttunnar á Íslandi árið 2020 þegar konur fagna því að hundrað ár eru liðin frá því að þær fengu fullan kosningarétt á við karla.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað vegna styrksins en styrkþegi óskaði eftir fresti vegna COVID-19 þar sem verkáætlanir riðluðust í kjölfar faraldursins.

Verðmat miska vegna kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis

- **Styrkþegi:** Tinna Laufey Ásgeirsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að meta til fjár miska vegna kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis. Vísindalegt gildi verkefnisins felst í beitingu þekktra mælikvarða um virði óáþreifanlegra gæða á áreitni og ofbeldi en slíkt hefur ekki verið gert áður. Hagnýtt gildi verkefnisins felst í því að upplýsa hvort miskabætur hafi verið í samræmi við raunverulegan skaða. Auk þess er hægt að taka tillit til tilfinningalegs skaða við hagkvæmnismat íhlutana á sviðinu.
- **Framvinda:** Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega voru handrit að tveimur vísindagreinum tilbúin og unnið að frágangi þeirra og innsendingu í erlend fagtímarit.

Kjör, lífsskilyrði og staða innflytjendakvenna í láglau nastörfum á almennum og opinberum markaði

- **Styrkþegi:** Mirra – fræðslu- og rannsóknarsetur um málefni innflytjenda
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsókuð verða kjör, lífsskilyrði, staða og framgangsmöguleikar innflytjendakvenna í láglau nastörfum á höfuðborgarsvæðinu og þau borin saman við stöðu íslenskra starfssystra. Skoðað verður hvað er líkt og ólíkt með hlutskipti hópanna í ljósi yfirlýstrar jafnréttisstefnu atvinnurekenda. Í brennidepli verða láglau nakonur í heilbrigðisþjónustu, leik- og grunnskólum svo og eldhúsi og þrifum. Verkefnið mun skýra hvað hefur áunnist í kynjajafnrétti og jafnrétti óháð uppruna og hverju er ábótavant.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað vegna styrksins en styrkþegi óskaði eftir fresti vegna COVID-19 þar sem verkáætlanir riðluðust í kjölfar faraldursins.

Ásta Sigurðardóttir: málþing og greinasafn

- **Styrkþegi:** Sigrún Margrét Guðmundsdóttir
- **Fjárhæð:** 4.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið lýtur að málþingi um Ástu Sigurðardóttur í tilefni 90 ára afmælis hennar þann 1. apríl 2020 og útgáfu greinasafns byggt á fyrirlestrunum í kjölfarið. Á málþinginu verður fólki úr ólíkum áttum stefnt saman; fræðimönnum, rithöfundum og vandamönnum Ástu. Greinasafnið verður unnið í kjölfar fyrirlestranna og kemur út í ársbyrjun 2021 en í því verða bæði ritrýndar greinar um verk Ástu, greinar um líf og störf hennar og ritlistaverkefni innblásin af verkum hennar.
- **Framvinda:** Greinasafnið „Ástusögur – Um líf og list Ástu Sigurðardóttur“ kemur út haustið 2021 og inniheldur efni eftir fræðikonur, rithöfunda og börn Ástu. Fjallað er um ævi Ástu, smásögur, ljóð og myndir, auk þess sem sjö skáldkonur, innblásnar af verkum Ástu, yrkja ljóð eða skrifa smásögur í bókina. Þann 20. nóvember 2021 verður útgáfu bókarinnar fagnað með málþingi sem haldið verður í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Þar munu nokkrir höfundar bókarinnar stíga á stökk og lesnir verða upp textar eftir Ástu sjálfa.

Sjúkást

- **Styrkþegi:** Stígamót
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Sjúkást er fræðslu- og forvarnaverkefni fyrir ungt fólk um kynbundið ofbeldi og áreitni. Markmiðið er að fræða ungmenni um mörk og samþykki með það að leiðarljósi að útrýma kynbundnu ofbeldi í íslensku samfélagi. Áhersla er lögð á að hjálpa ungmönnum að þekkja muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum sem og að taka ábyrga afstöðu til kynlífs og kláms. Markhópurinn er 13-20 ára ungmenni og er rík áhersla lögð á þátttöku þeirra á öllum stigum verkefnisins.
- **Framvinda:** Sjúkást-verkefnið 2020 lagði í fyrsta sinn áherslu á klám, enda ljóst eftir undirbúning og framkvæmd verkefnisins að þekkingu á klámi og áhrifum þess er stórlega ábótavant meðal fagfólks sem vinnur með unglingum, foreldra sem og hjá ungmennunum sjálfum. Vegna COVID-19 náðist til færri unglinga en árið 2019 en þó fengu um 3600 fræðsluna. Sjúkást-módelið felst í því að útbúa efni, fræða fræðarana,

vera í nærumhverfi unglínganna og ná þannig til fjölda sem Stígamót myndu aldrei ná til ein síns liðs. Öflug samfélagsmiðlaherferð var rekin á átakstíma auk þess sem plakötum, póstkortum og ýmsum varningi var dreift í skóla og félagsmiðstöðvar til að vekja athygli ungmenna á verkefninu í þeirra nærumhverfi. Þrjú myndbönd voru framleidd til að nýta í fræðslu með ungmennum og á samfélagsmiðlum; um samþykki, áhrif kláms og sjálfsþekkingu. Sérfræðingar Stígamóta héldu fræðslu fyrir fagfólk og ungmennahópa sem fræðslupakki Samfés náði ekki yfir og lagði m.a. áherslu á að ná til hópa fatlaðra ungmenna. Átakið stóð yfir hluta mars og apríl 2020 en vegna aðstæðna var átakið keyrt aftur að hluta í september þegar ungmenni voru að einhverju leyti komin aftur í sitt vanalega umhverfi eftir takmarkanir vegna COVID-19 á vormánuðum.

Kvennafrí og kvennaverksöfll: Íslensk kvennahreyfing og alþjóðleg áhrif hennar

- **Styrkþegi:** Valgerður Pálmadóttir
- **Fjárhæð:** 5.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kvennafrí 1975 hefur öðlast heimsathygli á ný og orðið táknmynd fyrir áherslur nýrrar femínískrar fjöldahreyfingar. Hugmyndin um að ganga út í einn dag og krefjast viðurkenningar á samfélagslegu framlagi kvenna og mótmæla kynbundnu ofbeldi er nú framkvæmd árlega á heimsvísu. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt; að skoða hugmyndasögu aðgerðanna á Íslandi frá 1975 til dagsins í dag og að rannsaka hugmyndina um hið femíníska verkfall í fræðilegu ljósi með Ísland sem tilvik.
- **Framvinda:** Styrkþegi hefur birt tvær greinar á sænsku með samstarfskonum sínum í Svíþjóð um hugmyndina um kvennaverksöfll og áhrif hins íslenska kvennafrís. Greinarnar má nálgast annars vegar [hér](#) og hins vegar [hér](#). Samkvæmt lokaskýrslu styrkþega var vinna hafin að tveimur greinum til viðbótar; annars vegar greiningu á fjölmiðlaumfjöllun um kvennafríð 1975 í fjölmiðlum á Norðurlöndunum og hins vegar umfjöllun um hugmyndina um kvennaverksöfll innan Rauðsokkahreyfingarinnar.

Kvennaráðgjöfin í samstarfi við Bjarmahlíð á Akureyri

- **Styrkþegi:** Kvennaráðgjöfin
- **Fjárhæð:** 1.200.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmiðið með verkefninu er að sinna lögfræðiráðgjöf í Bjarmahlíð á Akureyri, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á árinu 2020. Gert er ráð fyrir því að Kvennaráðgjöfin komi til með að sinna ráðgjöf þar í u.þ.b. eitt skipti á mánuði og taka þátt í stjórnarfundum. Ráðgjöfin mun ganga út á að kynna brotapolum réttindi þeirra og mun ná til allra brotþola, enda brýnt að brotþolar sem ekki kæra eða hafa ekki orðið fyrir broti sem leiðir til skipunar réttargæslumanns fái ráðgjöf.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað vegna styrksins en styrkþegi óskaði eftir fresti vegna COVID-19 þar sem verkáætlanir riðluðust í kjölfar faraldursins.

Bandamenn – Námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn ofbeldi gegn konum

- **Styrkþegi:** Stígamót, samtök kvenna
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið felur í sér að þróa handbók, fræðsluefnisgrunn og verkfæri fyrir karla og stráka sem hafa áhuga á að beita sér í

baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi á ólíkum sviðum. Í gegnum námskeiðin Bandamenn hafa Stígamót þróað nálgun sem leggur áherslu á að virkja karla í jafnréttismálum með áherslu á kynferðisofbeldi gegn konum og reynsluheim brotaþola. Með þessu fræðsluefni verður mögulegt að virkja áhugasama karla enn frekar í að verða virkir málsvarar gegn kynbundnu ofbeldi í sínu umhverfi.

- **Framvinda:** Lesa má um námskeiðin og skrá sig á þau [hér](#). Fyrir styrk Jafnréttissjóðs Íslands var fræðsluefni námskeiðsins þróað enn frekar og búin til handbók fyrir námskeiðið. Það verður notað fyrir námskeið fyrir ólíka hópa karla, ásamt því að vera aðgengilegt á heimasíðu námskeiðsins. Tilgangurinn með námskeiðinu og fræðsluefninu er að virkja áhugasama karla enn frekar í að verða málsvarar gegn kynbundnu ofbeldi í sínu umhverfi, þ.e.a.s. gefa þeim fjölbreytt verkfæri og upplýsingar til að taka umræðuna um kynbundið ofbeldi til fleiri karla. Samkvæmt loka-skýrslu styrkþega var undirbúningur jafnframt hafinn að námskeiði fyrir ýmsa vinnustaði, þ. á m. fyrirtæki og opinberar stofnanir. Auk þess var verið að undirbúa námskeið fyrir framhaldsskólanema og starfsmenn félagsmiðstöðva, sem fara myndu fram í ársbyrjun 2021.

Kvennaathvarf fyrir konur með fjölþættan vanda – Faglegur undirbúningur

- **Styrkþegi:** Kvennaathvarfið
- **Fjárhæð:** 1.800.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Unnið er að því að setja á fót athvarf fyrir konur sem búa við heimilisofbeldi en glíma jafnframt við fíknivanda. Kvennaathvarfið er einungis fyrir konur sem ekki eru í neyslu fíkniefna. Staða þeirra kvenna sem búa við þann fjölþætta vanda sem hér er lýst er mjög erfið og þörf fyrir athvarf því mikil.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað vegna styrksins en styrkþegi óskaði eftir fresti vegna COVID-19 þar sem verkáætlanir riðluðust í kjölfar faraldursins.

Hvernig á að spyrja um kyn?

- **Styrkþegi:** Vaka Vésteinsdóttir
- **Fjárhæð:** 900.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Spurningalistar eru mikið notaðir í rannsóknum. Nær undantekningarlaust er spurt um kyn þátttakenda og í mörgum tilfellum er kyn notað við úrvinnslu gagna. Í rannsóknum sem snúa að kynjamun er spurningin um kyn aðalfrumbreytan og því hvílir réttmæti slíkra rannsókna á því að svör sem fást við spurningunni séu lýsandi fyrir hvern þátttakanda. Markmið rannsóknarinnar er því að svara því hvernig best sé að spyrja um kyn í spurningalistum og hverjir svarmöguleikarnir ættu að vera.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað vegna styrksins en styrkþegi óskaði eftir fresti vegna COVID-19 þar sem verkáætlanir riðluðust í kjölfar faraldursins.

4.5 Styrkveitingar 2020



Immigrant Women's Experiences of Employment-Based Violence in Iceland

- **Styrkþegi:** Linda Rós Eðvarðsdóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Alþjóðavinnuumálaskrifstofan (e. *International Labour Office*) hefur lýst því yfir að erlendar konur séu hvað berskjaldaðastar fyrir ofbeldi í starfi (e. *employment-based violence*). Aftur á móti hefur reynsla erlendra kvenna lítið verið rannsökuð og því örðugt að ígrunda vel stefnumótun og löggjöf til að útrýma ofbeldinu gegn þeim. Þetta endurspeglast í frásögnum kvenna af erlendum uppruna á Íslandi í fjölmiðlum, þar sem daglegu kerfislægu og kynferðislegu ofbeldi á íslenskum vinnumarkaði er lýst. Frásagnirnar undirstrika hvernig skarandi þættir hækka alvarleika og tíðni þess ofbeldis sem þær upplifa í starfi, sérstaklega fyrir konur utan Evrópska efnahagssvæðisins, litaðar konur og konur í lægri félags- og efnahagslegri stöðu. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja reynslu kvenna af erlendum uppruna af ofbeldi í starfi og þróa menningarlega viðeigandi verkfæri til að bregðast við því.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Réttarsalur í sýndarveruleika og áhrif hans á upplifun þolenda kynferðisofbeldis

- **Styrkþegi:** Háskólinn í Reykjavík
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Kynferðisofbeldi er bæði birtingarmynd kynjamisréttis og lýðheilsuvandamál sem hefur alvarleg áhrif á heilsu og líðan þolenda en hlutfallslega fáir þeirra leita til réttarkerfisins. Ein ástæða fyrir því er að þolendur geta fundið fyrir ótta og óöryggi við að þurfa að fara í réttarsal. Rannsóknir sýna að sú tilhugsun og reynsla getur verið erfið og getur vakið upp ótta, kvíða og einkenni áfallastreituröskunar. Í þessari rannsókn munu 80 þolendur kynferðisofbeldis upplifa nákvæma

eftirlíkingu af dómsal í Héraðsdómi Reykjavíkur í sýndarveruleika. Í fyrri hluta rannsóknarinnar verður talað við þolendur sem hafa reynslu af réttarkerfinu. Í seinni hluta verður þolendum, sem hafa ekki farið með mál sín í gegnum réttarkerfið en eru að íhuga það, boðið að taka þátt. Viðbrögð þátttakenda og tengsl við líðan verða metin með eiginlegu viðtali, spurningalistum og líffræðilegum mælingum. Rannsóknarefnið er mikilvægt, enda hið fyrsta sinnar tegundar í heiminum.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Reynsla íslenskra kvenna af úrvinnslu og leiðum til eflingar eftir kynbundið ofbeldi

- **Styrkþegi:** Hulda Sædís Bryngeirsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Meginmarkmið doktorsverkefnisins eru að rannsaka hvaða þættir hafa áhrif á úrvinnslu og eflingu íslenskra kvenna sem verða fyrir ofbeldi í nánú sambandi; hvað stuðlar að úrvinnslu og eflingu meðal þessa hóps og hvað hindrar hana sem og hvernig best er að styrkja konur við að vinna úr reynslu sinni og eflast og hvernig best er að meta slíka styrkingu. Mikilvægt er að finna leiðir fyrir konur til að geta átt gott líf þrátt fyrir að hafa orðið fyrir ofbeldi í nánú sambandi. Úrvinnsla og efling í kjölfar slíks ofbeldis hefur ekki verið rannsökuð nægjanlega vel, hvorki á Íslandi né annars staðar. Doktorsrannsóknin er hluti af alþjóðlegu rannsóknarverkefni í 12 löndum en 30 manns eiga aðkomu að henni.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Help-seeking for trauma recovery among Icelandic survivors of gender-based violence

- **Styrkþegi:** Karen Birna Þorvaldsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið er hluti af stærra alþjóðlegu rannsóknarverkefni um menningu, leit að hjálp og bata í kjölfar kynbundins ofbeldis í hið minnsta 12 ríkjum. Kynbundið ofbeldi grefur undan heilsu, mannlegri reisn og öryggi þolenda þess en er þó enn hulið innan menningar sem einkennist af þögn. Það hvernig þolendur kynbundins ofbeldis leita sér hjálpar eftir áföll og ofbeldi hefur fengið afar takmarkaða athygli innan fræðasamfélagsins. Markmið þessa doktorsverkefnis er að rannsaka leit þolenda að hjálp við að vinna úr áföllum tengdum kynbundnu ofbeldi í íslenskri menningu, einna helst með tilliti til félags- og menningarlegra hindrana. Þrjár rannsóknir verða framkvæmdar innan verkefnisins í því augnamiði að til verði upplýsingar um reynslu kvenna af því að leita sér hjálpar í kjölfar kynbundins ofbeldis á Íslandi.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Sögur á einföldu máli: Tungumála- og menningarlæsi

- **Styrkþegi:** Karítas Hrundar Pálsdóttir
- **Fjárhæð:** 4.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að auka aðgengi almennings að sögum á einföldu máli sem styðja við tungumála- og menningarlæsi fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Örsagnasafnið Árstíðir eftir Karítas

Hrundar Pálsdóttur leggur grunninn að verkefninu. Bókin er frumkvöðla- verk þar sem hún er fyrsta safn skáldaðra frásagna ætlað þeim sem læra íslensku sem annað mál. Sögurnar eru menningarlegar þar sem þær fjalla um siði og venjur á Íslandi. Innblástur þeirra liggur í gildum sem eru almennt viðurkennd á Íslandi og endurspegla því jafnrétti kynjanna og virðingu fyrir ólíkri kynhneigð fólks. Búin verður til verkefnabók sem styður við lestur og kennslu örsagnanna sem og hljóðbók og lagst í að skrifa fleiri sögur á einföldu máli með sérstakri áherslu á jafnréttismál. Mikilvægt er að styðja við máltileinkun fólks með íslensku sem annað mál þar sem tungumálið stuðlar að því að það fái tækifæri til að aðlagast og upplifa sig hluta af íslensku samfélagi og menningu.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Sexual Harassment and Violence in the Work Environment

- **Styrkþegi:** Edda Björk Þórðardóttir
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Gögn frá vísindarannsókninni „Áfallasaga kvenna“ benda til þess að kynferðisleg áreitni á vinnustað og ofbeldi gegn konum sé algengt og því fylgi aukin áhætta á þunglyndi og kvíða. Markmið rannsóknarinnar er að dýpka skilning okkar á heilsufarslegum afleiðingum kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á vinnustað. Með því að nýta gögn frá rannsókninni og gagnatengingu við íslenskar lyfseðilsskrár verður leitast við að meta tíðni háþrýstings, geðlyfja (t.d. svefn-, verkja- og þunglyndislyfja) og fíkniefnaneyslu sem og að meta algengi sjálfsvígshæðunar (þ.e. sjálfsskaða, sjálfsvígshugsana og sjálfsvígstílauna) meðal íslenskra kvenna sem verða fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað. Á alþjóðavettvangi er lítið vitað um lyfjanotkun og hættu á sjálfsvígshæðun meðal útsettra kvenna. Þessi rannsókn mun veita ómetanlegar upplýsingar til að bæta stefnu og íhlutun.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Gender Equality in the Arctic

- **Styrkþegi:** Norðurslóðanet Íslands
- **Fjárhæð:** 9.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Gender Equality in the Arctic III er formennskuverkefni Íslands í Norðurskautsráðinu árin 2019–2021 undir áhersluþættinum fólk og samfélög en verkefnið hefur staðið yfir frá árinu 2013. Fyrsti verkhluti samanstóð af alþjóðlegri ráðstefnu árið 2014 sem fylgt var eftir með útgáfu ráðstefnuskýrslu árið 2015. Annar verkhluti fól í aðalatriðum í sér þróun á vefsíðu sem inniheldur m.a. mikið magn efnis sem tengist jafnréttismálum á norðurslóðum, þátttöku og skipulagningu á tengdum viðburðum og tengslamyndun við sérfræðinga í jafnréttismálum á svæðinu. Verkhloti þrjú, sem hófst á vormánuðum 2019, felur í aðalatriðum í sér útgáfu á skýrslu sem fjallar um málefni kynjanna á norðurslóðum. Markmið skýrslunnar eru að auka yfirsýn, sýnileika og skilning á málefnum kynjanna á norðurslóðum; stuðla að miðlun þekkingar um málefni kynjanna; veita stefnumótandi aðilum leiðsögn um jafnréttismál og greina á hvaða sviðum frekari rannsókna er þörf.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Strákar og hjúkrun – kynning fyrir stráka í 9. bekk grunnskóla

- **Styrkþegi:** Jafnréttisnefnd Landspítala
- **Fjárhæð:** 4.700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að vekja áhuga stráka á hjúkrunarstörfum, breyta staðalímyndum og fjölga körlum sem leggja fyrir sig hjúkrunarstörf, í því augnamiði að árið 2030 verði karlar a.m.k. 20% þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði og á sjúkraliðabrautum. Verkefnið fólst í því að bjóða strákum í 9. bekk á kynningu á fjölbreyttum störfum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í maí 2021. Verkefnið á fyrirmynd sína í átakinu „Stelpur og tækni“ sem Háskólinn í Reykjavík hefur haldið undanfarin ár fyrir stelpur í 9. bekk, sem hefur það að markmiði að vekja áhuga þeirra á tækninámi. Gildi verkefnisins er að gefa strákum í 9. bekk innsýn inn í fjölbreytilegan og áhugaverðan starfsvettvang í heilbrigðisþjónustunni, sem þeim hefur hingað til að mestu verið lokaður.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Eru störf kvenna minna virði en karla? – Jafnlaunavottun og launamunur kynja

- **Styrkþegi:** Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
- **Fjárhæð:** 6.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Innleiðing jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 var lögfest árið 2017 og fyrirtækjum og stofnunum með minnst 25 starfsmenn þar með gert að innleiða jafnlaunakerfi og sækja um vottun. Lögunum var ætlað að draga úr launamun kynjanna. Verkefnið er hluti af langtímarannsókn á jafnlaunastaðlinum sem verkfæri til að minnka launamun kynjanna og hvort innleiðing hans sé líkleg til að ná því markmiði. Þessi hluti rannsóknarinnar mun greina gögn úr launarannsókn Hagstofu Íslands og bera saman launaþróun karla og kvenna í fyrirtækjum sem fengið hafa vottun í samanburði við önnur sem ekki hafa fengið vottun. Viðtöl verða tekin við 20 forsvarsmenn í vottuðum fyrirtækjum og stofnunum um styrk- og veikleika staðalsins. Gildi rannsóknarinnar felst í því að auka skilning á launamun kynja, bæði almennt og í fyrirtækjum sem hafa fengið vottun og hvernig hægt er að nota staðalinn sem tæki til að minnka launamun. Einnig nýtist verkefnið við að skilgreina mælikvarða sem aukið geta gæði slíks samanburðar.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Fléttur VI: Samtíðing jafnréttis og loftslagshamfara

- **Styrkþegi:** RIKK - Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
- **Fjárhæð:** 3.900.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er útgáfa þverfaglegs greinasafns um umhverfismál og loftslagshamfarir út frá kynja- og jafnréttis-sjónarmiðum. Hluti greinasafnsins verður byggður á fyrirlestrum úr fyrirlestraröð RIKK um sama efni þar sem mikilvægi kynjasjónarmiða við greiningu á orsökum loftslagshamfara og baráttunni gegn þeim kom skýrt fram. Með því að rýna í margþætt tengsl loftslagsbreytinga, kynja-jafnréttis og samfélagslegs réttlætis er lagður grunnur að víðtækari skilningi á þessu stærsta viðfangsefni samtímans. Í greinunum í bókinni verður fjallað um efnið bæði út frá íslensku sjónarhorni og alþjóðlegu,

enda eru áskoranir í loftslagsmálum bæði hnattrænar og staðbundnar, rétt eins og í jafnréttismálum. Efni bókarinnar einkorðast ekki við loftslagshamfarir heldur er gefið tækifæri á nálgun á samtvinnun umhverfis- og jafnréttismála á breiðari grunni sem gefur fræðimönnum m.a. tækifæri til að skoða áhrif COVID-19 faraldursins á umhverfis- og jafnréttismál og umræðu og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Vinum saman: Kynjasamsetning teyma

- **Styrkþegi:** Katrín Ólafsdóttir
- **Fjárhæð:** 1.700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Rannsóknir sem gerðar hafa verið á hegðun kvenna og karla sýna að konur og karlar bregðast mismunandi við í mismunandi aðstæðum. Í flestum þessara rannsókna eru gerðar tilraunir þar sem konur og karlar taka þátt sem einstaklingar. Á vinnustöðum vinna einstaklingar jafnan saman og árangur þeirrar vinnu fer mikið eftir því hvernig fólki gengur að vinna saman. Vinnumarkaðir flestra ríkja eru kynjaskiptir og íslenskur vinnumarkaður þar engin undantekning, en lítið er vitað um hvernig konur og karlar vinna saman í hópum. Í rannsókn þessari verða gerðar þrjár tilraunir og hverri þeirra er ætlað að reyna á samskipti einstaklinga sem vinna saman í hóp. Rannsakað verður hvort kynjasamsetning hópsins skiptir máli þegar kemur að heiðarleika, gjafmildi og samhæfingu.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Vinnustaðir og fæðingarorlof

- **Styrkþegi:** Ásdís Aðalbjörg Arnalds
- **Fjárhæð:** 5.100.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að skapa þekkingu um þau áhrif sem viðhorf stjórnenda og samstarfsfólks sem og aðstæður á vinnustað hafa á ákvarðanir fólks um fæðingarorlof. Algengi þess að atvinnurekandi sé andvígur því að starfsfólk taki fæðingarorlof verður kannað, hvort það sé misjafnt eftir kyni starfsfólks sem og vinnustöðum. Ísland er verðugt rannsóknarefni á þessu sviði, enda hefur fæðingarorlofskerfið hérlandis lengi tekið mið af jafnrétti kynja, auk þess sem þátttaka kvenna á vinnumarkaði er óvenju mikil í samanburði við önnur ríki. Enn fremur eru viðhorf til kynjahlutverka mjög framsækin á Íslandi en vinnumarkaður mjög kynjaskiptur. Niðurstöðurnar hafa bæði fræðilegt og hagnýtt gildi þar sem atvinnurekendur og stefnumótendur geta gripið til aðgerða til að yfirstíga hindranir við því að fólk taki sér fæðingarorlof.
- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Snælda

- **Styrkþegi:** Les Frères Stefson ehf.
- **Fjárhæð:** 700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Snælda er ókeypis námskeið sem undirbýr tónlistarkonur á aldrinum 16–20 ára fyrir tónlistarferil þeirra og þeim veitt leiðsögn á fyrstu skrefum ferils síns sem lagasmíðir og framleiðendur. Þær fá aðstöðu í hljóðveri 101derland þar sem þeim verða kennd

undirstöðuatriði í forritinu Ableton Live og helstu tækniatriði við hljóðupptökur. Jafnframt fá þær aðstoð við tónlistarsköpun og innsýn inn í tónlistarbransann frá faglegu sjónarhorni. Meginmarkmið námskeiðsins er kennsla í sjálfstæðum vinnubrögðum við lagasmíðar sem mun án efa nýttast þeim við að koma sér á framfæri bæði hérlendis og erlendis.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Viðsýrni og aðhald: Efnahagsaðgerðir frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum

- **Styrkþegi:** Femínísk fjármál
- **Fjárhæð:** 4.500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að greina efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs COVID-19 út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og leggja fram tillögur um hvernig sé hægt að draga úr kynjamisrétti og jafnframt mismunun og jaðarsetningu vegna húðlitar, etnísks uppruna, stéttar, fötlunar og annarra þátta. Niðurstöðurnar verða notaðar til að vekja athygli á áhrifum efnahagslega ákvarðana stjórnvalda á stöðu kynjanna í samfélaginu og koma á framfæri annars konar nálgunum til að stuðla að auknu kynjajafnrétti í framtíðinni. Niðurstöður greiningarinnar og ábendingar til úrbóta verða settar fram á aðgengilegan hátt og ráðist í vitundarvakningu. Aukin meðvitund almennings um jafnréttissjónarmið varðandi efnahagslega skiptingu gæða í samfélaginu er lykilatriði til að skapa ákall og þrýsting um aukið jafnrétti. Verkefnið getur varpað ljósi á kynjaáhrif sem væru annars dulin þeim sem koma að stefnumótun og fjárlagagerð og gert upplýsingarnar aðgengilegar fyrir almenning.
- **Framvinda:** Greiningunni er lokið og niðurstöður hennar eru birtar á [heimasíðu Femínískra fjármála](#) en þar sem COVID-19 stóð lengur yfir en styrkþegi gerði ráð fyrir er greiningin afmörkuð við aðgerðir ársins 2020. Ráðist var í vitundarvakningu á samfélagsmiðlunum [Facebook](#), [Twitter](#) og [Instagram](#). Þann 25. febrúar 2021 kynntu meðlimir félagsins greininguna í fjölmiðlum, sjá m.a. [Fréttablaðið](#) og [Morgunvaktina](#) á RÁS 1, auk þess að vekja sérstaklega athygli allra þingmanna á greiningunni. Þá voru birtar greinar eftir meðlimi félagsins, sem byggðu á greiningunni, í þremur fjölmiðlum á sama tímabili: [Stundinni](#), [Flóru](#) og [Kjarnanum](#).

Kona – forntónlistarhátíð: Sjókonur og snillingar

- **Styrkþegi:** Kammerhópurinn Reykjavík Barokk
- **Fjárhæð:** 500.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Verkefnið Kona – forntónlistarhátíð: Sjókonur og snillingar er tónlistarhátíð sem Kammerhópurinn Reykjavík Barokk stendur fyrir í samstarfi við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á atvinnusögu íslenskra kvenna, kynna verk kventónskálda, kvenljóðskálda og kvæðakvenna fyrir nýjum áheyrendum og vekja athygli á íslenskum tónlistararfi. Beinn markhópur verkefnisins er börn og ungmenni sem stunda tónlistarnám við skólana og fjölskyldur þeirra, auk grunnskólabarna sem boðið verður á sérstakar skólasýningar. Unnið verður að verkefninu með aðferðum lista og listkennslu og taka tónlistarnemarnir beinan þátt í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar á hvorum stað fyrir sig. Verkefnið verður kynnt almenningi í fjölmiðlum og aðgangur á hátíðina er ókeypis og öllum heimill með það að markmiði að ná til sem

flestra áheyrenda. Gildi verkefnisins er almenningsfræðsla með beinni þátttöku barna og unglinga.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Hennar rödd – Pallborðsumræður með konum af erlendum uppruna

- **Styrkþegi:** Chanel Björk Sturludóttir
- **Fjárhæð:** 2.900.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** „Hennar rödd“ er ætlað að auka vitund almennings um stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi, sívaxandi hópi á Íslandi. Verkefninu er jafnframt ætlað að auka sýnileika og efla konur af erlendum uppruna með því að skapa vettvang þar sem raddir þeirra fá að heyrast en því hefur áður verið ábótavant. „Hennar rödd“ hefur tvívegis haldið pallborðsumræður þar sem konur af erlendum uppruna deila reynslu sinni af íslensku samfélagi. Þann 5. mars 2020 voru haldnar pallborðsumræður með áherslu á stöðu kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Markmiðið er að halda ráðstefnu með viðameiri dagskrá, m.a. pallborðsumræðum, erindum fagaðila og samkomustund áhorfenda og þátttakenda.
- **Framvinda:** Ráðstefna ársins 2021 verður haldin þann 2. október í Borgarleikhúsinu undir yfirskriftinni „Hennar rödd – Ráðstefna um heilsu kvenna af erlendum uppruna á Íslandi“. Í lýsingu viðburðarins segir að viðfangsefnið hafi ekki hlotið ítarlega umfjöllun í samfélaginu en á tímum COVID-19 komi enn frekar í ljós að þörf sé á frekari umræðu og rannsóknum á sviðinu. Meðal umræðuefna sé reynsla kvenna af erlendum uppruna af heilbrigðiskerfinu, aðgengi og menningarnæmi innan þess ásamt geðheilsu, kynheilsu og frelsi.

Róttæk Freyja í Vesturheimi

- **Styrkþegi:** Björg Hjartardóttir
- **Fjárhæð:** 300.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Markmið verkefnisins er að rita sýnisbók sem kynnir efnistöð vestur-íslenska kvenréttindablaðsins Freyju (1898–1910), sem ritstýrt var af Margréti Benedictsson (1866–1956) og eiginmanni hennar, Sigfúsi Benedictsson (1865–1951), í Manitoba í Kanada. Í bókinni verða birtir valdir kaflar úr blaðinu, kannað hvaða hugmyndir komu fram í blaðinu, hvaðan þær komu og með hvaða markmiði þær voru settar fram. Einnig verða viðtökur blaðsins kannaðar. Freyja var klárlega nýjung og róttæk tilraun, enda var blaðinu ekki einungis ritstýrt af íslenskri konu heldur skrifað til kvenna með réttindi þeirra að leiðarljósi. Markmiðið með ritun sýnisbókarinnar er að svipta hulunni af sérstöðu blaðsins og skoða framlag þess til baráttunnar fyrir kosningarrétti kvenna í Kanada. Verkefnið fjallar um þætti í sögu íslenskra kvenna sem til þessa hafa fengið takmarkaða athygli þrátt fyrir að hafa mikla þýðingu fyrir kvannahreyfinguna í Kanada og á Íslandi.
- **Framvinda:** Styrkþegi afþakkaði styrkinn.

Females and a Board Selection Process by Nomination

- **Styrkþegi:** Þröstur Olaf Sigurjónsson
- **Fjárhæð:** 1.700.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** Stjórnunarháttum fyrirtækja er ætlað að stuðla að heilbrigðum rekstri fyrirtækja. Hluti af því fyrirkomulagi ætti að vera að tryggja fjölbreytileika og jafnt kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja. Ólíkar

útfærslur stjórnarháttanna í þeim tilgangi gætu t.a.m. falið í sér lögboðna kynjakvóta, valfrjálsa kynjakvóta og aðgerðastefnu fjárfesta fyrir jafnvægi kynjanna. Rannsakað verður hvort tilnefningarnefndir á Íslandi hafi þjónað hlutverki stjórnunartækis til að efla jafnvægi kynja og annars konar fjölbreytileika stjórna. Markmiðið er að kanna hvort tilnefningarnefndir þjóna þeim tilgangi að ná jafnri þátttöku kynja og annarra hópa í stjórnnum. Tekin verða viðtöl við tilnefningarnefndameðlimi, stjórnarmenn og fagfjárfesta. Niðurstöður verða bornar saman við sambærilegar niðurstöður á Spáni, sem hefur að mörgu leyti gert tilraunir með tilnefningarnefndir og þátttöku kvenna í stjórnnum fyrirtækja, og með sams konar lagalegum þrýstingi.

- **Framvinda:** Lokaskýrslu hefur ekki verið skilað, enda skilafrestur vegna styrks árið 2020 ekki liðinn.

Karlmennskan

- **Styrkþegi:** Þorsteinn V. Einarsson
- **Fjárhæð:** 8.000.000 kr.
- **Lýsing á verkefni:** „Karlmennskan“ er samheiti fyrir miðlana karlmennskan.is, facebook.com/karlmennskan og instagram.com/karlmennskan en hefur einnig orðið auðkenni styrkþega sem fyrirlesara og pistla- og þáttastjórnanda. Verkefnið er skírskotun í myllumerkið #karlmennskan af Twitter þar sem hundruð deildu persónulegum frásögnum af reynslu sinni og upplifun af karlmennskuhugmyndum. Markmið verkefnisins er að hreyfa við viðteknum karlmennskuhugmyndum og styðja við femíníska jafnréttisbaráttu. Í þeim tilgangi er leitast við að varpa ljósi á viðteknar karlmennskuhugmyndir, birtingarmyndir og áhrif þeirra á drengi, karla, konur, jaðarsetta hópa og samfélagið allt. Sjónarhornið er femínískt, þ.e. gagnrýnið á viðtekið gildismat og byggir á kenningum um kynjakerfi og karlmennsku. Leitast er við að fræða drengi og karla um áhrif karlmennskuhugmynda og efla vitund um tengsl karlmennskuhugmynda við ójafnrétti og ójöfn valdatengsl milli kynja.
- **Framvinda verkefnis:** Fyrir styrkinn voru fimm vefsýnvarpsþættir og tólf hlaðvarpsþættir birtir fyrir árslok 2020 og yfir hundrað fræðslupóstar birtir á vef- og samfélagsmiðlum sem margir hverjir fengu umfjöllun fjölmiðla. Herferð um „jákvæða karlmennsku“ í nánú samstarfi við Stígamót, UN Women á Íslandi, Píeta-samtökin og námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands stóð yfir 15.-26. mars 2021. Afrakstur verkefnisins má finna á [vef Karlmenskunnar](#), [Facebook](#) og [Instagram](#). Þrátt fyrir að verkefninu sé lokið hvað varðar umsókn til Jafnréttissjóðs Íslands segir í lokaskýrslu styrkþega að það hafi engan enda. Vef- og samfélagsmiðillinn „Karlmennskan“ muni halda áfram að miðla efni og hlaðvarpið verði áfram í framleiðslu, ef aðstæður leyfi.

